Dagur í friðlandinu
Gönguferðir frá Aðalvík til Hesteyrar
Einnig dagsferðir í Vigur, Hornvík og Kaldalón
www.vesturferdir.is - 456 5111
Vesturferðir

Mikið úrval af rúmum og rúmdýnum
HÚSGAGNALOFTIÐ

Afgreiðsla Landsbankans í Neista er opin fimmtudaga og föstudaga frá kl. 16-18
Sími 410 8119
Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
# BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk
Miðvikudagur 28. júlí 2004 · 30. tbl. · 21. árg.

# Ungir atorkumenn á uppleið

*– rætt við tónlistar- og hugbúnarsmiði framtíðinnar, Tómas Árna Jónasson og Ingvar Alfreðsson. Sjá miðopnu*

# Icelandic Geographic helgað Vestfjörðum

Þriðja tölublað tímaritsins Icelandic Geographic sem kom út á föstudag, er alfarið helgað Vestfjörðum. Tímaritið er gefið út á ensku í rúmlega 13 þúsund eintökum og er fyrst og fremst ætlað fyrir erlenda ferðamenn og aðra áhugamenn um landið. Tímaritið er veglega úr garði gert, nær hundrað síður og prýtt mikið af fallegum myndum frá Vestfjörðum. Það voru þær Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar og Þórdís Hadda Yngvadóttir, ritstjóri, sem kynntu útgáfuna.

Þetta er í fyrsta sinn sem tímaritið er helgað einum landshluta. Þórdís Hadda segist eins og margir fleiri hafa heillast af Vestfjörðum og því kviknaði sú hugmynd, þegar vinnsla annars tölublaðsins var langt komin að helga það þriðja alfarið Vestfjörðum. Þórdís Adda leitaði til ýmissa aðila í fjórðungnum um stuðning við útgáfuna og varð úr að Ísafjarðarbær styrkti verkefnið um eina og hálfa milljón króna eða sem jafngildir kostnaði við prentun tíu þúsund eintaka.

Birna Lárusdóttir segir að kynningarfé bæjarins sé vel varið með því að taka þátt í útgáfu svo vandaðs rits. Hún segir það hafa verið mat manna að hagsmunum bæjarins hafi verið best borgið með því að tengjast umfjöllun um Vestfirði alla en vissulega sé lögð mikil áhersla á Ísafjarðarbæ.

Í blaðinu er m.a. fjallað um eyjuna Vigur í Ísafjarðardjúpi, gönguferðir á Hornströndum, kajakferðir, erni og seli en þess má geta að í þeirri grein er að finna kort sem sýnir þá staði á sem hvað best er að sjá seli á.

*Þórdís Hadda Yngvadóttir, ritstjóri, og Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, hleyptu þriðja tölublaði Icelandic Geographic af stokkunum í Neðstakaupstað.*

SAMKAUP
Opið:
Virka daga 09-21
Laugard. 10-21
Sunnud. 12-21
SAMKAUP
...gæði og ferskleiki!
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM
Flytjandi
EIMSKIP



## Ekki eru öll skipin eins

**Þau eru ekki öll eins að gerð skemmtiferðaskipin sem sigla um heimsins höf og þau eru ekki öll risastór. Í síðustu viku kom til Ísafjarðar skemmtiferðaskipið Akademik Sergei frá Rússlandi. Í fljótu bragði mætti halda að þarna væri komið rannsóknarskip en svo reyndist ekki vera . Skipið lagðist að bryggju við Sundabakka enda „aðeins“ 6.230 brúttótonn að stærð. Með skipinu voru um 200 farþegar sem skoðuðu sig um á Ísafirði.**

## Nýr bátur til Kambs hf.

**Nýlega afhenti bátasmiðjan Mótun nýjan bát af gerðinni Gáski 1180 en báturinn var smíðaður fyrir Hinrik Kristjánsson hjá Fiskvinnslunni Kambi á Flateyri. Báturinn hefur fengið nafnið Steinunn ÍS 817 og er fimmti nýi Gáskabáturinn sem Hinrik kaupir.**

## Aðsókn að söfnum eykst

**Veruleg aukning hefur orðið á aðsókn að Bæjar- og héraðsbókasafni, Héraðsskjalasafni og ljósmyndasafni Ísafjarðar eftir að þau fluttu í Safnahúsið á Eyrartúni. Þetta kemur fram í ársskýrslu Jóhanns Hinrikssonar, forstöðumanns safnanna, sem lögð var fram á fundi menningarmálanefndar Ísafjarðarbæjar fyrir skemmstu. Þar er áætlað að um 30.000 heimsóknir hafi verið árið 2003 en voru 20.000 árið áður. Útlán bókasafna hafði einnig aukist um 6,3% milli ára en 33.000 útlán voru yfir árið 2003.**

## Sonja ráðin skólastjóri

**Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt ráðningu Sonju E. Thompson sem leikskólastjóra á Sólborg á Ísafirði. Á síðasta fundi bæjarráðs var lagt fram minnisblað Ingibjargar Maríu Guðmundsdóttur, forstöðumanns Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, þar sem fram kom að Sonja sem er starfandi leikskólastjóri hefði sótt um starfið og var mælt með að hún yrði ráðin.**

### Fimm gististaðir á Vestfjörðum bera stjörnur samkvæmt stöðlum Ferðamálaráðs

# Hótel Ísafjörður eini 3ja stjörnu gististaðurinn í fjórðungnum

Fimm gististaðir á Vestfjörðum hafa verið flokkaðir samkvæmt stöðlum Ferðamálaráðs og bera því stjörnur eins og þekkt er með hótel um allan heim. Íslenskir gististaðir bera frá einni og upp í fimm stjörnur eftir flokkunarviðmiðum sem eru byggð upp að danskri fyrirmynd.

Fjórir gististaðir falla í tveggja stjörnu flokkinn en þeir eru Gamla gistihúsið á Ísafirði, VEG-gisting á Suðureyri, Hótel Edda á Núpi og Hótel Edda á Ísafirði. Vestfirðingar státa af einum gististað í þriggja stjörnu flokknum en það er Hótel Ísafjörður. Enginn fjögurra stjörnu gististaður er hinsvegar í fjórðungnum.

Flokkun gististaða hófst árið 2000 og hafa margir bæst í hópinn síðan að því er fram kemur á heimasíðu Ferðamálaráðs. Á landinu öllu eru nú 52 gististaðir sem bera stjörnur samkvæmt flokkuninni. Enginn fellur í fimm stjörnu flokkinn og einungis bestu hótel landsins bera fjórar stjörnur.

*– kristinn@bb.is*

***Hótel Ísafjörður hefur borið þrjár stjörnur frá árinu 2000.***

## Íslandsmet í fjöldadrætti á sjóskíðum jafnað

*Óvenjuleg sjón blasti við vegfarendum á sunnanverðri eyrinni á Ísafirði á laugardagskvöld þegar tíu manns voru dregnir samtímis á sjóskíðum eftir Pollinum. „Mér skilst að við höfum verið að jafna Íslandsmet“, segir Þorsteinn Másson, einn þeirra sem skipulögðu og framkvæmdu uppátækið. „Þess má geta að tveir hinna sjódregnu, þeir Róbert Hafsteinsson og Ómar Helgason, voru líka með þegar níu manns voru dregnir samtímis fyrir um tíu árum síðan, en það var Íslandsmet á þeim tíma.“*

*– halfdan@bb.is*

### Tjaldstæðið í Tungudal

# Metfjöldi húsbíla á svæðinu

Á tjaldsvæðinu í Tungudal voru 64 pláss upptekin á fimmtudag í síðustu viku, þar af voru sjö tjöld meðan hjólhýsi og húsbílar voru fimmtíu og sjö. Þannig gistu 380 gestir á tjaldsvæðinu og vekur athygli að megnið eru innlendir ferðamenn.

„Á svæðinu eru fleiri gestir núna en þegar mest var í fyrra og segjast flestir ferðamennirnir vera að elta veðrið“, segir Halldóra Gunnlaugsdóttir, umsjónarmaður tjaldsvæðisins. Töluverð aukning er á ferðamönnum sem koma landleiðina, að sögn Rúnars Óla Karlssonar, ferðamálafulltrúa Ísafjarðarbæjar. „Mig grunar að jákvæðar umræður um

vegamál á Vestfjörðum hafi mikið að segja um þessa þróun“, segir Rúnar Óli.

Mikið er um að Íslendingar ferðist um landið á húsbílum en erlendir ferðamenn leigi bíla og segir Rúnar Óli starfsfólk bílaleiga vera mun fúsari að leigja bíla sína víðs vegar um land en verið hefur.

*– thelma@bb.is*

***Metfjöldi húsbíla var á tjaldsvæðinu í Tungudal í síðustu viku. Hér sést hluti þeirra.***

*Kajakstjarnan var stór og myndarleg. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.*

# Stærsta kajakstjarna Íslands

Íslandsmet var sett á Pollinum á Ísafirði á laugardag þegar búin var til stærsta kajakstjarna þessa lands fyrr og síðar. 63 ræðarar á 61 bát tóku þátt í gerð stjörnunnar og segir Sigurður Pétur Hilmarsson, einn skipuleggjenda gjörningsins, að stefnt verði að árlegri stjörnugerð héðan í frá.

„Í fyrra gerðum við svipaða stjörnu og þá tóku 41 þátt, svo að við vorum helmingi fleiri í ár. Við getum ekki lofað helmingsaukningu á næsta ári, en stefnum að því að verða alltaf fleiri með hverju árinu“, segir Sigurður.

„Veðrið lék við okkur og kom á óvart miðað við spár. Eins og gefur að skilja er þetta ekki framkvæmanlegt nema í sæmilega góðu veðri.“

Aðspurður segist Sigurður ekki vita hvort gerð hafi verið stærri kajakstjarna úti í hinum stóra heimi. „En ég veit að þessi er sú stærsta sem búin hefur verið til hérlendis“, sagði Sigurður Pétur Hilmarsson í samtali við blaðið.

*– halfdan@bb.is*

*Húsgögnum var komið fyrir í Hafnarstrætinu.*

# Húsgögn til sölu í miðju Hafnarstræti

Húsgögn af ýmsum stærðum og gerðum voru m.a. til sölu á markaðsdegi JC-hreyfingarinnar, sem haldinn var í tengslum við Siglingadagana 2004 í Hafnarstræti í miðbæ Ísafjarðar á laugardag. „Þetta tókst vonum framar. Upphaflega átti einungis að hafa markaðinn á fyrri laugardegi Siglingadaga, en það gekk svo vel að ákveðið var að hafa áframhald á“, segir Sigurveig Harðardóttir, félagsmaður í JC-Vestfjörðum. Fjölbreytt úrval varnings allt frá grilluðum tælenskum mat til barnafatnaðar var til sölu.

„Við reynum að hafa flóamarkaðinn utandyra á sumrin og ef við fáum stóra hluti skellum við þeim út líka, það myndast svo skemmtileg stemmning á markaðinum þegar hann er undir berum himni“, segir Sigurveig.

Ágóðinn af markaðinum rennur í sjóð til að styrkja þátttöku JC-félaga á landsþingi hreyfingarinnar sem haldið verður á Húsavík í september. Þess má geta að JC-Vestfirðir fengu viðurkenningu fyrir besta fjáröflunarverkefni ársins í Evrópu hjá JC-International.


ÍBÚÐIR VIÐ WARDSTÚN

Núna fer hver að verða síðastur, aðeins tvær íbúðir eftir

Ein 4ra herbergja 130m² með 45m² svalir í suður

Ein 4ra herbergja 150m² með 50m² svalir í suður

Nánari upplýsingar veitir Torfi Jóhannsson í síma 456 5500

ÁGÚST & FLOSI ehf
BYGGINGAVERKTAKAR
Látið fagmenn vinna verkið

*Gönguhópurinn á Kaldbaki.* *Mynd: Guðmundur Ragnarsson.*

# Nutu lífsins á Kaldbaki

**Fyrir skemmstu héldu 33 vaskir göngugarpar á Kaldbak, hæsta fjall Vestfjarða, á vegum Heilsubæjarins Bolungarvíkur. Veðrið var með besta móti og útsýnið ólýsanlega fagurt alla leiðina eins og einn göngumanna komst að orði. Þátttakendur voru karlar og konur á öllum aldri og var sú yngsta í hópnum 7 ára gömul. Eftir að hafa notið útivistarinnar hvíldi hópurinn lúin bein í sundlauginni á Þingeyri og nutu menn aukinnar vellíðan sem heilbrigð áreynsla veitir.**
***– kristinn@bb.is***

# Myndarleg valkyrja í höfn

**Eitt myndarlegasta fley sem um Ísafjarðarhöfn hefur farið lá við festar við bátahöfnina í síðustu viku. Hér var um að ræða 30 metra langa skútu frá Baltimore í Bandaríkjunum. Skúta, sem ber nafnið Valkyrie, er í eigu bandarískrar konu á áttræðisaldri sem ferðast um á henni um heimsins höf. Mikill íburður er um borð enda er talið að skúta af þessari gerð kosti um hálfan milljarð.** ***– hj@bb.is***

# Merkir kríuunga í Holti

**Böðvar Þórisson, starfsmaður Náttúrustofa Vestfjarða, hefur að undanförnu unnið að því að merkja kríuunga í Holti í Önundarfirði. Fuglamerkingar hafa tíðkast á Íslandi í meira en hálfa öld og geta gefið ýmsar upplýsingar um viðkomandi fugl, t.d hvert hann fer, hve gamall hann verður og hvort hann snýr aftur á sama stað. Til starfsins þarf sérstakt merkingarleyfi sem Náttúrufræðistofnun Íslands úthlutar ásamt merkjunum. „Það þarf ekki að vera fuglafræðingur til þess að merkja fugla, megnið af merkingunum eru gerðar af áhugamönnum“, segir Böðvar. Á þriðjudag í síðustu viku merkti Böðvar um tug kríuunga en einnig merkir hann sandlóur. „Það er mun einfaldara að ná sandlóunum og þær eru líka merktar með litmerkjum og því hægt að fylgjast með þeim úr fjarlægð með kíki og ekki nauðsynlegt að veiða þær“, segir Böðvar. Aðspurður hvort ekki sé áhættusamt að ná kríunum segir hann svo ekki vera. „Það þarf bara að vera með góðan hatt“. Starfsmenn Náttúrustofu Vestfjarða hvetja alla sem finna merki að skila þeim inn, annað hvort til þeirra eða til Náttúrufræðistofnunar. – *thelma@bb.is***

*Nýmerktur kríuungi.*

*Böðvar Þórisson við kríumerkingar.*

## Dr. Þór Jakobsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands

# Hopandi hafís færir vonandi Íslendinga og Grænlendinga meira saman

Dr. Þór Jakobsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, segist vonast til þess að hopandi hafís á Grænlandssundi auki samskipti milli Íslands og Grænlands. Hann segir jafnframt óskandi að ísinn hverfi ekki alveg því það myndi hafa skaðleg áhrif, m.a. fyrir hvítabirni. Þetta kom fram á ráðstefnu um siglingaleiðina milli Íslands og Austur-Grænlands, ferðamennsku á Grænlandi og möguleika á auknum samskiptum í tengslum við ferðamennsku og viðskipti sem haldin var á Ísafirði í síðustu viku.

Þór rakti m.a. þróun hafíssins á síðustu öld en lítið varð vart við hafís á árunum frá 1920-1965 en síðan komu nokkur hafísár. Ísinn hefur hopað að undanförnu en Þór sagði mikinn breytileika eftir árstíðum og eins á milli ára. Þór hefur oftsinnis stundað hafísrannsóknir við Grænland í gegnum tíðina og sagði ýmsa möguleika felast í auknum samskiptum þjóðanna m.a. á sviði ferðamála, heilsugæslu og skólamála. Þannig sagðist hann vonast til þess að næstu kynslóðir Íslendinga og Grænlendinga hefðu meiri samskipti og þannig yrði hægt að auka tengsl þessara grannþjóða í norðri.

Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, setti ráðstefnuna en Ari Trausti Guðmundsson, jarðfræðingur, fór með ráðstefnustjórn. Til stóð að Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, myndi ávarpa ráðstefnuna en hann þurfti að sitja ríkisstjórnarfund og hljóp Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu, í skarðið. Ráðstefnan var fjölsótt en hana sátu m.a. fulltrúar grænlensku heimastjórnarinnar. – *kristinn@bb.is*

***Dr. Þór Jakobsson í ræðustól á ráðstefnunni.***

## Jens Napaatoq, samgönguráðherra Grænlands fundar með bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

# Sorpi frá Grænlandi eytt á Ísafirði í stað Danmerkur?

Fundur um möguleg viðskipti milli Ísafjarðarbæjar og Grænlands og þá sér í lagi Austur-Grænlands sem haldinn var í síðustu viku tókst vel, að sögn Birnu Lárusdóttur, forseta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Meðal umræðuefna á fundinum voru sorpeyðingarmál og greindi Jens Napaatoq, samgönguráðherra Grænlands, að í dag væri sorp frá Grænlandi flutt til Danmerkur til eyðingar. Sagði hann það vel koma til greina að eyða því á Ísafirði þar sem fullbúin sorpeyðingarstöð væri til staðar.

Þá var rætt um ferðaþjónustumál og þ.á m. þann möguleika að halda úti ferjusiglingum á milli Vestfjarða og Grænlands hluta í ári. „Ýmis samskipti milli Ísafjarðarbæjar og Austur-Grænlands eru vel möguleg og þá ekki síst vegna þess að engin önnur höfn í Evrópu er nær þeim“, segir Birna. Fundarmeðlimir lýstu yfir vilja sínum til að koma á betri samskiptum á milli Ísafjarðarbæjar og Austur-Grænlands og áhuga á að hittast aftur seinna í ár til að skiptast á og ræða hugmyndir frekar.

***Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, og Jens Napaatoq, samgönguráðherra Grænlands.***

## Gerð snjóflóðaskápa á Óshlíð

# K.N.H bauð lægst

Verktakafyrirtækið K.N.H. ehf. á Ísafirði, sem er nýsameinað félag Kubbs á Ísafirði og fleiri jarðvinnuverktaka, reyndist eiga lang lægsta boðið í gerð snjóflóðaskápa á Óshlíð, milli Hnífsdals og Bolungarvíkur, þegar tilboð voru opnuð fyrir stuttu.

K.N.H. bauð tæpar 5,5 milljónir króna sem jafngildir 53,3% af kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar en hún hljóðaði upp á 10,3 milljónir króna. Önnur boð voru yfir áætlun en Græðir sf. í Önundarfirði bauð rúmar 11 millj. eða 107,2% af kostnaðaráætlun og Tígur ehf. í Súðavík bauð tæpar 11,2 milljónir eða 108,3% af áætlun. Verkinu skal lokið fyrir 15. nóvember.

# ritstjórnargrein

## Efstir á óskalista ferðamannsins

Það var kátt hérna um laugardagskvöldið á Silfurtorgi, hjarta Ísafjarðarbæjar, þegar hljómlistarmenn og leikarar skemmtu gestum og gangandi fram eftir kvöldi og verslanir opnar í miðbænum. Í sýningarsal Edinborgarhússins dunaði djassinn í samspili við Silfurljóð, orðsins list og meistarahandverk. Fyrr um daginn klippti landbúnaðarráðherra í sundur birkisprota sem komið hafði verið fyrir á nýrri göngubrú yfir Bunuá og kom þar með sælureit berjatínslufólks, Tunguskógi, í samfélag hinna opnu skóga á Íslandi. Siglingadögum, sem tvöfaldað höfðu umfang sitt frá fyrra ári, lauk síðan með stærstu kajakstjörnu allra tíma.

Ný út komið þriðja hefti tímaritsins Icelandic Geographic er að öllu leyti helgað Vestfjörðum. Trúlega má þakka það ritstjóranum, Þórdísi Höddu Yngvadóttur, sem segist hafa heillast af Vestfjörðum. Svo sem nafnið bendir til er tímaritið gefið út á ensku og því fyrst og fremst ætlað að ná til erlendra ferðamanna og áhugamanna um Ísland. Það er vandað að allri gerð og kemur út í um 13 þúsundum eintökum, sem dreifast til fjölþjóðlegs hóps áskrifenda og ferðaþjónustuaðila víða um heim.

Í stuttu máli má segja að þetta tölublað Icelandic Geographic sé Vestfirðir í máli og myndum. Efni blaðsins verður ekki rakið hér náið en meðal viðfangsefna eru eyjan Vigur í Ísafjarðardjúpi og Hornstrandir. Þá er að finna kort yfir þá staði á Vestfjörðum þar sem selaskoðun verður helst og best við komið.

Ísafjarðarbær kom myndarlega að útgáfu þessa eintaks af Icelandic Geographic. Taka verður undir þau sjónarmið forseta bæjarstjórnar að þeim fjármunum er vel varið, þegar haft er í huga að hjá því verður ekki komist að verja verulegum fjárhæðum til kynningar á Vestfjörðum, öllu því sem þar er í boði: ósnortinni náttúru, óbyggðum, engu öðru líku; mannfólkinu, lifnaðarháttum þess og menningu.

Vestfirðir eru öðruvísi en aðrir landshlutar, enda vantar ekki mikið á að þeir séu aðskildir frá meginlandinu. Skoðanakannanir hafa ítrekað leitt í ljós að Vestfirðir eru efst í huga ferðafólks, sem hyggst ferðast um landið. Yfirlýsingar ferðalanga sem hingað hafa komið um að héðan fari enginn ósnortinn og að þeir ætli sér að koma aftur, er vitnisburður sem mark er á takandi; hvatning til frekari dáða.

Vestfirðir eru efstir á óskalista ferðamannsins. Til mikils var að vinna og áfram skal iðja. Framundan er óþrjótandi og endalaus barátta fyrir frekari sigrum.

*s.h.*

# orðrétt af netinu

## Vegaframkvæmdir bæta umferðaröryggi

„Framkvæmdir af þessu tagi eru ekki bruðl eða landsbyggðardekur. Þær eru þvert á móti nauðsynlegt skref til að auka umferðaröryggi á Íslandi. Yfirgnæfandi meirihluti banaslysa í umferðinni gerist í dreifbýli, oft á slæmum og þ.a.l. hættulegum vegum. Þess vegna eru það góð tíðindi að verið sé að aðhafast eitthvað til að bæta vegi á Vestfjörðum. [...]

Góðir vegir eru hagsmunamál fyrir hinar dreifðu byggðir en þeir eru fyrst og fremst öryggismál. Malbikunarframkvæmdir bjarga fleiri mannslífum á hverju ári en orustuþoturnar á Keflavíkurflugvelli munu nokkurn tíma gera.“

**murinn.is – Sverrir Jakobsson**

**Útgefandi:** H-prent ehf., Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Kristinn Hermannsson, sími 863 1623, *kristinn@bb.is* – Halldór Jónsson, sími 892 2132, *hj@bb.is* – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, *thelma@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is* · **Auglýsingar**: Steingrímur Rúnar Guðmundsson, sími 896 0035, *denni@bb.is* · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.
ISSN 1670 - 021X

### Miklir möguleikar í auknum samskiptum milli Vestfjarða og A-Grænlands

# Mikill áhugi fyrir auknum samskiptum þjóðanna

Mikill áhugi er fyrir því að auka samskiptin milli Íslands og Grænlands að því er fram kom í máli Ragnhildar Hjaltadóttur, ráðuneytisstjóra í samgönguráðuneytinu, á ráðstefnu um siglingaleiðina milli Íslands og Austur-Grænlands, ferðamennsku á Grænlandi og möguleika á auknum samskiptum í tengslum við ferðamennsku og viðskipti sem haldin var á Ísafirði í síðustu viku. Þá töldu menn mikla möguleika liggja í auknum samskiptum yfir Grænlandssund en eins og komið hefur fram er Ísfjörður næsti nágranni nokkurra þéttbýlisstaða á Austur-Grænlandi.

Fram kom í máli Jens Napaatoq, samgönguráðherra grænlensku heimastjórnarinnar, að á vegum hennar væri unnið að samgönguáætlun til næstu 10-15 ára en Austur-Grænland væri ekki komið þar inn svo nú væri e.t.v. tímabært að ræða um aðkomu íslendinga að samgöngum á svæðinu.

„Ég fullyrði að það er ekkert annað skynsamlegt í málefnum samganga við og á Austur-Grænlandi, hvort sem er á lofti eða sjó, en að fara um Ísafjörð“, segir Úlfar Ágústsson, framkvæmdastjóri Siglingadaga, aðspurður um niðurstöður ráðstefnunnar. Hins vegar segir hann pólitísk viðhorf hafa mikið um málið að segja. „Stjórnsýslumiðstöðvarnar horfa á þetta úr fjarska. Þannig er Danmörk vitaskuld langt frá Grænlandi, Reykjavík er fjarri okkur og Nuuk er afar langt frá Austur-Grænlandi. En ef menn vilja vinna að bættum hag þessara þriggja jaðarbyggða, Scoresbyund, Amassalik og Vestfjarða, þá verður það lang best gert með því að tengja svæðin saman með samgöngum“, sagði Úlfar.

Á ráðstefnunni var einnig fjallað um öryggismál á siglingaleiðinni og fluttu erindi Jan Knudsen frá svokallaðri „Greenland Commando“ deild danska sjóhersins og Benóný Ásgrímsson, þyrluflugstjóri hjá Landhelgisgæslu Íslands.

Grænland er stórt og gríðarlegar fjarlægðir milli þéttbýlisstaða. Þyrlur eru einu björgunartækin sem er hægt að koma við og þær hafa takmarkað flugdrægi. Þannig lýsti Jan Knudsen yfir áhyggjum sínum af því ef skemmtiferðaskip yrði fyrir óhappi við Grænland og sagðist óttast næsta Titanic slys. Hann sagði mörg svæði við Grænland illa kortlögð og á mörgum stöðum stæðu klettar upp af hafsbotni, jafnvel á miklu dýpi, sem væru nógu stórir til að sökkva skipum. Þyrla bæri 5-10 manns en jafnvel væru 2.000 manns um borð í skemmtiferðaskipunum og honum hryllti við tilhugsuninni ef óhapp yrði í vondu veðri. Niðurstaðan var að um erfitt hafssvæði væri að ræða og ekki gott að fara þar um nema með reynda menn í för.

Fram kom í máli Benónýs að stóra íslenska björgunarþyrlan gæti sinnt björgun á u.þ.b. helmingi Austur-Grænlands en ekki meira. Þá væru þyrlur Varnarliðsins einnig takmarkaðar en þær nytu stuðnings eldsneytisvélar eingis tvo mánuði á ári.

*Menningarmiðstöðin Edinborg fékk einn þriggja styrkja menningarmálanefndar.* *Ljósm: Þorsteinn J. Tómasson.*

# Styrkir Edinborgarhúsið á Ísafirði

Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt þrjár styrkveitingar að upphæð samtals 225 þúsund krónur. Hæsta styrkinn, að upphæð 125 þúsund krónur, fær menningarmiðstöðin Edinborg og er áætlað að nota styrkinn til almennrar starfsemi miðstöðvarinnar. Eva Friðþjófsdóttir fær 50 þúsund króna styrk til þjálfunar danshópa og Snjáfjallasetur í Reykjavík fær styrk upp á 50 þúsund krónur til að halda sýningu og tónleika í Dalbæ á Snæfjallaströnd.

Einnig sóttu um styrk Sumarmenning á Ísafirði til að halda saltfiskveislur í Neðstakaupstað og Birgir Þór Halldórsson fyrir myndasafn á vefsíðunni bloggari.is. Menningarmálanefnd taldi sér ekki fært að verða við þeim styrkumsóknum þar sem fjárveitingu í fjárhagsáætlun ársins 2004 hefur að mestu verið ráðstafað, eins og segir í fundarbókun. Menningarnefnd hefur úthlutað ýmsum styrkjum til viðbótar fyrr á árinu.

*– thelma@bb.is*

### Lagning bundins slitlags á Vestfjörðum

# Sjötíu kílómetrar lagðir í ár

Ráðgert er að leggja um 70 km af bundnu slitlagi á Vestfjörðum í ár. Lengsti samfelldi kaflinn er 32 km, frá Kleifum í Skötufirði að Leiti í Hestfirði. Þá verður bundið slitlag lagt á 8 km kafla á milli Kambness og Hattardals en þar verður vegurinn einnig styrktur og breikkaður. Verkið er í höndum K.N.H. ehf. sem einnig mun leggja á 2 km af Drangsnesvegi og 6,4 km á Djúpveg milli Forvaða og Grindarkróks á Ströndum.

Á Vestfjarðavegi, milli Múla og Vattarness verður lagt bundið slitlag á 19,2 km kafla og einnig verður komið upp nýrri brú yfir Múlaá. Að auki verður unnið að hefðbundnu viðhaldi, m.a. yfirlögnum, viðhaldi á slitlagi eða seinna lagi klæðningar og viðhaldi á malarslitlagi.

*– thelma@bb.is*

# „Brot úr sögu sjávarþorps“ í Súðavík

Sýningin „Brot úr sögu sjávarþorps“ hefur verið opnuð í gamla pósthúsinu í Súðavík. Sýningin fjallar um mestu umbrotatímana í sögu hreppsins, annars vegar um upphaf og fyrstu áratugi þéttbýlis og hins vegar um afdrifaríkar afleiðingar snjóflóðanna sem féllu á byggðina í janúar 1995. Markmið sýningarinnar er að veita innsýn í þessa örlagaríku tíma með því að skoða valin brot í máli og myndum, eins og segir í frétt á heimasíðu Súðavíkurhrepps.

Hreppurinn hafði veg og vanda að uppsetningu sýningarinnar en Eiríkur P. Jörundsson, sagnfræðingur, sá um heimilda- og textavinnslu og hönnun sýningarskilta. Flestar ljósmyndanna frá fyrstu áratugum byggðar í Súðavík eru úr safni Sigurðar Kristjánssonar en ljósmyndir af afleiðingum snjóflóðanna eru fengnar frá Morgunblaðinu.

## Íslandspóstur færir gjöld vegna vegna vörudreifingar til Vestfjarða í hæsta gjaldflokk

# Flutningskostnaður hækkar um allt að 35%

Íslandspóstur hf. hefur tekið ákvörðun um að færa gjöld vegna vörudreifingar frá höfuðborgarsvæðinu til Vestfjarða í hæsta gjaldflokk og við það hækka flutningsgjöld fyrirtækisins um allt að 35% fyrir einstaka þyngdarflokka. Forstöðumaður fyrirtækjamarkaðar Íslandspósts segir hækkunina að meðaltali 2,9 %. Þann 19. júlí gekk í gildi ný gjaldskrá Íslandspósts hf. Í bréfi til viðskiptavina fyrirtækisins um breytinguna segir m.a.:

„Helsta breytingin er að verðskránni hefur nú verið skipt upp milli einstaklinga og fyrirtækja auk þess sem hún hefur fengið nýtt og ferskara útlit.“ Þá segir í bréfinu: „Minniháttar breyting hefur verið gerð á svæðaskiptingu vörudreifingar innanlands fyrir Vestfirði og Vestmannaeyjar.“ Einnig segir að vegið meðaltal vegna þessara verðbreytinga sé innan við ½%.

Þegar hin nýja gjaldskrá er skoðuð kemur í ljós að gjöld vegna vörudreifingar frá höfuðborgarsvæðinu til Vestfjarða hafa verið færð úr þriðja svæði í það fjórða. Breytingin hefur í för með sér að gjöld vegna vörudreifingar á milli Vestfjarða og höfuðborgarsvæðisins hækka um allt frá 1,98 % fyrir pakka sem er 1 kg að þyngd upp í rúm 35,4% fyrir sendingar sem eru 300 kg. Eru Vestfirðir nú komnir í hæsta verðflokk með Austfjörðum. Kostar því jafn mikið að senda pakka frá Reykjavík til Ísafjarðar og Neskaupstaðar þrátt fyrir að til Ísafjarðar séu um 457 km frá Reykjavík en til Neskaupstaðar eru 725 km, eða um 58% lengri leið en til Ísafjarðar.

Flutningur á milli Reykjavíkur og Norðausturlands er í þriðja verðflokki þannig að flutningur á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar er allt að því 35% dýrari en flutningur á milli Reykjavíkur og Raufarhafnar þrátt fyrir að leiðin á milli síðarnefndu staðanna sé 634 km eða um 38% lengri en til Ísafjarðar. Flutningur á milli Reykjavíkur og Norðvesturlands er í öðrum gjaldflokki þannig að flutningur á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar er um 92% dýrari en flutningur á milli Reykjavíkur og Siglufjarðar þrátt fyrir að aðeins muni rúmum 50 km á leiðinni á milli þessara staða.

Þá hefur verið tekið upp í nýju verðskránni sérstakt verð á sendingar umfram 300 kg. Er gjaldið 29 krónur á hvert kg fjórða verðflokki eða um 35,5% hærra en í þriðja flokki og um 92% hærra en í öðrum verðflokki.

*Höfuðstöðvar Íslandspósts á Vestfjörðum eru í verslunarmiðstöðinni Neista á Ísafirði.*

Reynir Árnason forstöðumaður fyrirtækjamarkaðar Íslandspósts segir í samtali við blaðið að helsta ástæða verðbreytinganna sé sú að Íslandspóstur hafi verið að byggja upp aukna þjónustu í vörudreifingu t.d. á Ísafirði og því hafi þurft að endurskoða flutningsgjöldin lítillega. Vegið meðaltal þessara breytinga á Vestfjörðum nú sé um 2,9%. Aðspurður hvernig hann skýri muninn á flutningskostnaði milli Reykjavíkur og Ísafjarðar annars vegar og Reykjavíkur og Raufarhafnar hinsvegar segir Reynir það erfitt að láta svæðisbundna gjaldskrá endurspegla með öllu vegalengdir. Hann segir að stór hluti kostnaðar við vörudreifingu sé fólginn í móttöku og afhendingu sendingar og því geti vegalengdir á milli staða aldrei endurspeglast að fullu í dreifingarkostnaði.

Reynir segir að undanfarið hafi fyrirtækið verið að færa út kvíarnar í vörudreifingu og í kjölfarið fylgi óhjákvæmilega breytingar á verðskrá. Breytingin á Vestfjörðum nú sé einfaldlega liður í því. Íslandspóstur hf. er að fullu í eigu Ríkissjóðs Íslands og heyrir rekstur fyrirtækisins undir samgönguráðuneytið.

## Ísafjarðarkirkja sögð draga athygli frá sjómannastyttunni á Eyrartúni

# Sjómennirnir fluttir neðar á eyrina?

Fjölskylda Ragnars Kjartanssonar, myndhöggvara og skapara minnisvarða sjómanna á Ísafirði, hafa óskað eftir því að staðsetningu styttunnar verði breytt, en hún hefur staðið við Eyrartún um áratugaskeið. Inga Ragnarsdóttir, myndhöggvari, sem hefur haft umsjón með og undirbúið endurgerð sjómannastyttunnar á Eyrartúni telur að hin nýja Ísafjarðarkirkja sem var lokið við á tíunda áratuginum dragi athygli frá verki föður síns.

Í bréfinu segir Inga að nú sé endurgerð verksins vel á veg komin og brátt þurfi að fara að huga að heimkomu þess og uppsetningu. Þá segir Inga: „Í því sambandi gefst okkur það einstaka tækifæri að huga að hvort staðsetning verksins hingað til, sé sú ákjósanlegasta eða hvort íhuga eigi annan stað. Ég er þeirrar skoðunar að styttan muni njóta sín betur á öðrum stað, þar sem hún er mjög nálægt styttu Einars Jónssonar og eins finnst mér hin nýja og glæsilega kirkja taka athyglina frá verkinu. Legg ég því til að íhugað verði hvort hún gæti ekki verið nær sjónum.“

Þá segir Inga í bréfinu að fjölskylda Ragnars Kjartanssonar hafi „tvær einlægar óskir og það er að nýr stöpull verði steyptur undir verkið sem væri heldur lægri og hlutlausari en sá sem hingað til hefur verið. Hin er að akkerin sem komið var fyrir í kringum styttuna, með keðjunni, verði fjarlægð því þau grípa inn í verkið sjálft og breyta því.“

*Minnisvarði sjómanna á Ísafirði hefur staðið við Eyrartún.*

Tillaga hefur t.d komið fram um að styttan verði færð á svæðið milli Hótels Ísafjarðar og Pollgötu. Í vor var styttan tekin af stallinum til viðgerðar en að sögn Ingu Ólafsdóttur , formanns menningarmálanefndar Ísafjarðarbæjar verður nú þegar farið að undirbúa komu styttunnar frá Þýskalandi og finna henni stað.

Halldór Hermannsson, skipstjóri á Ísafirði, segir að menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar geti ekki fært sjómannastyttuna án samráðs við þau félög sjómanna sem stóðu að uppsetningu hennar á sínum tíma.

Í framhaldi af þessari ákvörðun bæjarráðs hafa vaknað spurningar um hver eigi í raun sjómannastyttuna og geti þar af leiðandi tekið ákvörðun um hugsanlegan flutning hennar. Rúm þrjátíu ár eru nú liðin síðan minnisvarði sjómanna var afhjúpaður á Eyrartúni. Það voru sjómannafélögin á Ísafirði, Sjómannafélag Ísfirðinga, Skipstjóra- og stýrimannafélagið Bylgjan og Vélstjórafélag Ísafjarðar, sem höfðu frumkvæðið að kaupum og uppsetningu minnisvarðans.


*Með hjálp tölvutækninnar reyndum við að sjá hvernig sjómennirnir tækju sig út í nágrenni við Hótel Ísafjörð.*

Í viðtali við Halldór Hermannsson í sjómannadagsblaði Bæjarins besta kom fram að rætt hefði verið um áratuga skeið að koma upp slíkum minnisvarða. Lítið hefði gerst í þeim málum fyrr en Guðmundur heitinn Gíslason einn af forystumönnum sjómanna tók af skarið og gekk frá pöntun á minnisvarðanum. Í framhaldinu söfnuðu sjómannafélögin fyrir kaupunum og nutu stuðnings fjölmargra fyrirtækja og einstaklinga. Stærsti styrkurinn kom frá Landsbanka Íslands sem nú fjármagnar endurgerð styttunnar.

Halldór Hermannsson segir að á sínum tíma hafi verið rætt um að bæjarfélagið liti til með styttunni en hún væri engu að síður eign sjómannafélaganna. Hann segir að á þessum þrjátíu árum hafi ýmsir aðilar komið að viðhaldi hennar. „Ég er alltaf opinn fyrir nýjum og góðum hugmyndum. Styttan hefur gegnt mikilvægu hlutverki að lokinni guðsþjónustu sjómannadagsins og taka verður tillit til þess.“ Aðspurður vildi hann ekki tjá sig um hugmynd menningarmálanefndar um nýja staðsetningu styttunnar.

„Styttan verður auðvitað ekki færð nema í samráði við þá sem stóðu að gerð hennar og eiga hana í raun en það eru félög sjómanna. Ég vona að allir geri sér það ljóst“, sagði Halldór Hermannsson.

*– thelma@bb.is*

Ingvar Alfreðsson og Tómas Árni Jónasson eru ungir Ísfirðingar á uppleið. Þrátt fyrir ungan aldur hafa þeir verið áberandi í menningarlífi Ísafjarðar í mörg ár. Þeir hafa ekki látið sig vanta í leiksýningar Menntaskólans á Ísafirði þar sem þeir hafa báðir stundað nám undanfarin ár. Jafnframt voru þeir leikstjórar Morrans, atvinnuleikhúss ungs fólks í Ísafjarðarbæ, þar til Tómas hætti fyrir stuttu. Ingvar er sjálfmenntaður á píanó og hefur verið að leika sér að lagasmíð auk þess að spila upp á hvert einasta kvöld. Tómas seldi Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands forrit ætlað til að aðstoða fólk í heilsuátaki og mun almenningur hafa aðgang að því endurgjaldslaust á vefnum í september. Blaðamaður BB fékk ungu atorkumennina til að taka sér hlé frá annríki dagsins í stutt spjall um verkefni morgundagsins og upphafið að öllu saman. Við hittumst í Gamla Apótekinu á Ísafirði þar sem þeir hafa eytt ófáum klukkustundum í ýmis verkefni og átt góðar stundir með félögum sínum. Best er að byrja á byrjuninni sem í þessu tilfelli er tónlistin þar sem listrænt eðli piltanna fékk fyrst útrás.



# Ungir atorkumenn á uppleið

## – rætt við tónlistar- og hugbúnarsmiði framtíðinnar

– Hvenær byrjuðuð þið í tónlistinni?

**Tómas:** Ég var mjög ungur en man ekki nákvæmlega hve gamall. Fyrst spilaði ég á gítar en fór síðan að læra á píanó og hálft ár á harmoniku.

**Ingvar:** Ég byrjaði að læra á píanó átta ára og var einn vetur en hætti, því mér fannst það ekki skemmtilegt. Þá fór ég í harmonikunám og var í því í sjö ár. Ég er enn alveg sjálfmenntaður í píanóleik. Ég fann að ég myndi miklu frekar notast við píanóið seinna meir og hætti því á harmonikunni. Ég hef samið fullt af lögum, bæði fyrir mig sjálfan og svo líka fyrir dúettinn sem ég er í og heitir Ingvar og Gylfi. Þar semur Gylfi textann en ég lögin. Við segjumst spila „rúmgóða“ tónlist en svo vill til að við heitum sama nafni og rúmafyrirtæki í Reykjavík. Síðan hef ég gert lög við til dæmis söngvakeppni Menntaskólans á Ísafirði og önnur tækifærislög. Ég ætla mér í framtíðinni að læra lagasmíðar og útsetningar.

### Ókeypis hugbúnaður

– Hvernig kom það til að 18 ára gamall unglingur seldi ÍSÍ hugbúnað?

**Tómas:** Hugmyndin að hugbúnaðinum kviknaði í desember 2002. Þá var í gangi heilsuátak á vegum Gamla Apóteksins í samstarfi við Sporthúsið í Kópavogi. Mér datt í hug að gera smá yfirlitsforrit fyrir þá sem voru í heilsuátakinu. Síðan magnaðist hugmyndin og Halldór Hlöðversson hjálpaði mér að sjá að þetta gæti orðið að einhverju. Ég er búinn að þróa þetta núna í rúmt eitt og hálft ár. Fyrir ári fór ég í leiðangur sem Gamla Apótekið stóð fyrir og kynnti hugbúnaðinn fyrir ýmsum aðilum hjá ÍSÍ. Þeir höfðu áhuga og keyptu forritið. Síðan hef ég verið að þróa það með þeim. Nú er ég að leggja á það lokahönd og áætlað er að hugbúnaðurinn verði opnaður fyrir almenningi í september. Þetta er ókeypis hugbúnaður og geta þá notendur nálgast hann á heimasíðu ÍSÍ með því að fara inn á Heilsufélagann en forritið kallast það.

Eftir að forritið er sótt af netinu geta notendur fært inn í það alls konar upplýsingar. Þar er æfingadagbók þar sem þú skráir inn æfingar og hreyfingu. Tökum sem dæmi ef þú ferð í göngutúr í hálftíma, þá myndirðu skrá það inn. Þannig geturðu fylgst með æfingaferli þínu eða bara daglegri hreyfingu. Það er að sjálfsögðu hægt að nota dagbókina fyrir ýmislegt annað, til dæmis æfingar á hljóðfæri. Hreyfidagbókin nýtist fyrir hvað sem er.

Forritið er tvískipt og hinn hlutinn er mælingar. Þar færirðu inn upplýsingar um líkamann eins og ummálsmælingar, púls, þyngd og fituprósentu. Þá er hægt að fá línurit sem sýnir stöðu líkamans og með tímanum má sjá hvernig hann breytist miðað við æfingar. Heilsufélaginn er fyrir þá sem kunna lítið, jafnt við þá sem kunna mikið á tölvur. Hannað til þess að vera mjög einfalt forrit í notkun.

### Gott til að virkja hugmyndaflugið

– Nú voruð þið báðir leikstjórar Morrans. Reynir það ekki á hugmyndaflugið?

**Ingvar:** Við í Morranum vinnum öll saman að því að fá hugmyndir. Ég kem stundum með uppástungur eins og Guðjón Sigvaldason sem var með okkur til að byrja með. Krakkarnir eru líka duglegir að koma með hugdettur. Þá er um að gera að leyfa þeim að koma þeim í framkvæmd en auðvitað er ekki hægt að framkvæma allt. Sumar hugmyndirnar eru kannski einum of. Þá setur maður þær í bleyti og reynir að nota þær kannski seinna í eitthvað annað.

**Tómas:** Ég vann sem leikari í Morranum í 2 ár, held ég, en eitt árið bauðst mér að vera þátttakandi í leiklistarhóp sem hét Íslandsleikhúsið, sem var eins konar Morri sem ferðaðist um landið. En þegar ég var kominn í Menntaskólann tók ég við sem leikstjóri ásamt Ingvari, og var það í 2 ár. Það var frekar skondið því krakkarnir voru rétt aðeins yngri en við. Þetta er mjög gott til að virkja hugmyndaflug krakkanna.

**Ingvar:** Nú eru 25 í Morranum sem er met. Í fyrra höfðum við inntökupróf og þá sóttu 30 um sem er mikil framför, því þegar við byrjuðum þurftum við að draga fólk inn í þetta. Fyrst vorum við einfaldlega of fá til að geta verið með hóp og því leituðum við uppi einstaklinga sem við vissum að höfðu áhuga á leiklist og náðum að mynda hóp.

### Píanóið og lyklaborðið

– Nú eruð þið miklar félagsverur – en hver er dagvinnan?

**Ingvar:** Fyrir utan að vinna hjá Morranum er ég tæknimaður hjá Svæðisútvarpinu. Það fer samt mestur tími í að spila. Ég er að spila á hverju kvöldi, ef ekki á æfingum þá einhvers staðar úti í bæ.

**Tómas:** Ég er að vinna hjá Guðmundi Níelssyni málarameistara. Það er dagvinnan mín og forritið tekur flest kvöld og helgar. Svo reyni ég að finna líka tíma til að sinna kærustunni og vinum mínum. Maður lærir smám saman að forgangsraða hlutunum þótt maður verði að sjá á eftir ýmsum hlutum. Ég býst við að Heilsufélaginn verði ekki alveg tilbúinn í september. Þá verður örugglega þörf á að gera einhverjar uppfærslur. Svo er bara að einbeita sér að skólanum en ég á eitt ár eftir í Menntaskólanum.

**Ingvar:** Ég klárði stúdentinn í vor og fékk inntöku í Tónlistarskóla FÍH í Reykjavík. Þar ætla ég að læra djasspíanó og eitthvert hliðarnám. Það er boðið upp á upptökufræði og fleira og ég stefni á að reyna taka sem mest. Það væri best að geta gert allt sjálfur þegar lög eru tekin upp. Unnið allt ferlið einn. Ég stefni að því að geta unnið við tónlist þó að það sé erfitt að komast að og erfitt að lifa á henni endalaust. En allavega að reyna leggja eitthvað fram í tónlistinni. Hver veit svo hvernig aukavinnu ég fæ, ætli það verði ekki bara einhvers konar Morri í Reykjavík.

**Tómas:** Ég er ekki alveg búinn að gera upp hug minn hvað ég geri eftir stúdentinn. Ég stefni á að fara í tölvunarfræðinám í Bandaríkjunum. Eftir það stefni ég á að vinna hjá einhverju hugbúnaðarfyrirtæki í framtíðinni en auðvitað væri skemmtilegast að stofna eigið hugbúnaðarfyrirtæki. Ég fékk áhuga á tölvum í gegnum vini mína þegar ég var yngri sem voru mikið meira í tölvum heldur en ég. Ég fékk svo tölvu í fermingargjöf og þá kom áhuginn fyrir alvöru. Bróðir minn fór í gegnum sama ferlið, hann var líka að æfa á píanó þegar hann

uppgötvaði tölvuna og þá varð ekki aftur snúið. Hann er núna í Bandaríkjunum við nám í tölvufræði. Ætli píanóið hafi ekki hjálpað til við að gera fingurna fimari fyrir lyklaborðið.

**Ingvar:** Ég er það heppinn að ég hef síðan ég byrjaði að vinna í áttunda bekk getað unnið við áhugamál mín sem eru leiklist og tónlist. Ég var í fyrsta hópi Morrans en þá hét hann Farand- og fjöllistahópurinn. Ári seinna kom Elfar Logi Hannesson til Ísafjarðar og þá skapaðist Morrinn í sinni núverandi mynd. Eftir tíunda bekkinn var ég orðinn of gamall til að vera í Morranum og tók mér ársfrí til að vinna við annað en síðan var mér boðið að vera leikstjóri hjá Morranum. Ég veit ekki alveg hvort er skemmtilegra, að vera leikari eða leikstjóri. Ég held samt leikari. Það er svo margt sem þarf að vita sem leikstjóri, svo mikil ábyrgð.

**Tómas:** Við höfum líka verið að vinna í menntaskólaleikritum og maður er betri leikari eftir að hafa verið leikstjóri sjálfur og skilur þá sem eru við stjórn.

**Ingvar:** Já, maður skilur af hverju leikstjórinn er orðinn pirraður á vissum tímapunkti. Ég var jafnvel um tíma að íhuga að fara út í leikhústónlist til að sameina þetta tvennt. Ég get vel séð það fyrir mér fyrir að hafa sem hliðarverkefni með framtíðarstarfinu í einhverju áhugamannaleikhúsi.

**Tómas:** Ég gæti líka alveg séð það fyrir mér, ef tölvugeirinn dettur upp fyrir, að reyna að gerast leikari. Leiklistin er það skemmtileg.

**Ingvar:** Eftir árshátíðarleikrit í áttunda bekknum fékk ég leikhúsbakteríuna og lenti svo í fjöllistahópnum það sumar. Þá fór þetta að vera fyrir alvöru og ég hef verið í leiklistinni síðan. Hef líka tekið í þátt í menntaskólasýningum og notaði tækifærið núna seinast þegar settur var upp söngleikur að leika bæði og spila. Menntaskólasýningarnar finnast mér hafa verið mjög skemmtilegar. Skemmtileg stemmning í kringum þær. Manni gefst þá tækifæri til að vera með vinum sínum því annars væri sá tími notaður til að spila einhvers staðar eða á æfingum annars staðar.

**Tómas:** Já, það er alveg rétt. Kannski er það stór ástæða fyrir því hve skemmtilegar þær eru.

**Ingvar:** Sýningin Grettir stendur svolítið upp úr hjá mér. Það var stór og flott sýning og skemmtilegt leikrit. Skemmtileg tónlist þegar maður venst henni en Þursaflokkurinn samdi hana. Fyrst þegar ég hlustaði á diskinn leist mér ekkert á blikuna og fannst lögin mörg hver skrítin en svo breyttist það og þau lög sem mér þóttu leiðinlegust í byrjun voru orðin að þeim skemmtilegustu. Ég þurfti að semja tvö lög í Grettissýningunni því ég fékk ekki öll lögin á nótum sem voru í sýningunni fyrir sunnan. Það voru aðallega stef sem persónan, sem ég lék, syngur inni á milli. Ég var þá með textann úr handritinu fyrir framan mig og gerði lög við. Ég gerði líka tvö lög í sýningunni sem var í fyrra og heitir Að eilífu eftir Árna Ibsen. Það var vegna þess að við vissum ekki hvaða lög þetta voru í handritinu og þá gerði ég ný við textann.

**Tómas:** Já, Grettir var skemmtilegt leikrit, en hjá mér stendur mest upp úr, ásamt Gretti, Gísl sem Þórhildur Þorleifsdóttir leikstýrði. Annars finnast mér allar menntaskólasýningarnar mjög skemmtilegar.

### Gamla Apótekið

– Nú eruð þið báðir rótgrónir við menningar- og kaffihúsið Gamla Apótekið. Af hverju er það?

**Ingvar:** Ég var beðinn um að koma inn þegar hugmyndin að Gamla Apótekinu leit fyrst dagsins ljós og var beðinn um að koma með hugmyndir og annað slíkt. Þá kom ég ásamt vinum mínum með hugmyndina að Útvarp Apóteki sem hefur verið starfrækt hér af og til síðan. Það hefur til dæmis verið nýtt sem Skíðavikuútvarpið. Síðan hef ég verið að spila í Gamla Apótekinu og skipuleggja verkefni og fleira en síðasta haust dró ég mig aðeins til hlés þar. Ég var að vinna hjá Gamla Apótekinu, útvarpinu og félagsmiðstöðinni og ég var að spila og á æfingum á hverju kvöldi. Það var bara orðið of mikið og eitthvað varð að fjúka.

**Tómas:** Ég byrjaði um það leyti þegar Halldór varð forstöðumaður og ég fékk vinnu. Ég hef verið í ýmsum verkefnum eins og heimabíóinu. Aðalverkefnið er náttúrlega Heilsufélaginn. Halldór hefur hjálpað mér mjög mikið með forritið og hefur sýnt mér hvað er hægt að gera úr svona smá hugdettu. Hann kom með til dæmis með hugmyndina að því að kynna þetta fyrir ÍSÍ. Svo var ég einnig í verkefninu við að stofna það sem kallast Húsfélagið. Það er félag húsa á Íslandi og þá verið að meina hús eins og Gamla Apótekið, Hitt húsið og fleiri. Fulltrúar allra húsa á landinu hittust og þá var skilgreint hlutverk húsanna og allt sem tengist starfinu. Staða húsanna og hvernig ætti að samræma hlutverk félagsmiðstöðva um allt land.

### Landamæralaus vinna

– Þið vinnið báðir mjög mikið. Hvernig sjáið þið vinnu ykkar háttað í framtíðinni?

**Ingvar:** Það er oft hringt í mig og ég beðinn um að koma að spila við ýmis tilefni, oftast brúðkaup eða veislur. Ég er líka í hljómsveit sem upphaflega stofnaðist við Gospelkórinn. Ég spila undir hjá Gospelkórnum og ég fékk nokkra stráka til að spila með mér á lokatónleikum hans eitt sinn. Þetta er fjögurra manna band og síðan höfum við verið fengnir til að spila undir á söngvakeppni MÍ og Söngvakeppni Vestfjarða. Það er hljómsveitin sem ég get alltaf gripið til þegar mig vantar band. Auðvelt fyrir mig að hóa í þá ef ég þarf þess og þeir eru fljótir að pikka upp lögin.

**Tómas:** Ég hef aðallega verið að spila á tónleikum fyrir Tónlistarskólann og ég er meira fyrir klassíkina en dægurlögin.

**Ingvar:** Í haust þegar ég fer í skólann fyrir sunnan þarf ég að redda mér einhverri aukavinnu, t.d. að komast inn í brúðkaupsbransann og síðan bara að sjá hvað gerist, hvort ég komi vestur aftur. Ég efast um að ég geti unnið það starf sem mig langar til að vinna á Ísafirði eða á Íslandi. Hvort ég komi hingað í sumarleyfum til að vinna verður bara að ráðast.

**Tómas:** Kosturinn við tölvuvinnuna er að hún er landamæralaus. Ég gæti alveg hugsað mér að vinna á Ísafirði, maður verður bara að sjá til hvað setur. Hver veit nema maður komi með hugbúnaðarfyrirtæki á Ísafirði sem héti TT Company, en það er nafnið sem sem ég kalla mig við vinnuna á Heilsufélaganum.

**Ingvar:** Það koma tímar þar sem ekki gefst tími til að anda. Ég fer að vinna kl. 8, í aðra vinnu kl. 2 og næsta starf kl. 6 og svo æfingar og að spila. Þegar ég er búinn að vinna langan vinnudag og djöflast með vinnuhópnum er ég alveg búinn. Þá er erfitt að stökkva heim í korter, henda sér í sturtu og fara svo að spila. Sem dæmi í haust tók ein æfingin við af annarri og svo fór ég að spila og það endaði með því að ég sat við píanó í 12 tíma. Samt kemur oft fyrir að ég kem heim af balli og sest við píanóið. Það er róandi að setjast niður í smástund og spila. Þann frítíma sem ég hef nota ég til að hitta vini mína en stundum bara verður maður að slappa af heima hjá sér og hlusta á tónlist eða horfa á góða mynd. Ég hlusta aðallega á djass, fönk-djass í rauninni. Mezzoforte heillar mig til dæmis. Sálartónlist líka og ákveðin tegund af gospeltónlist eftir að ég fór að vinna með kórnum.

**Tómas:** Það er stressandi að hafa svona mikið að gera og skyndibitafæðið verður oftar en ekki fyrir valinu sem er nú ekki gott fyrir líkamann. Stundum gleymi maður að borða. Þegar ég kem heim frá forrituninni nenni ég ekki að fara í rúmið alveg strax og spila þá oft á píanóið eða les góða bók. Ég er mest fyrir klassíska tónlist eins og eftir Rachmanioff, sumar sinfóníur og píanókonserta. Mér finnst tónlist eins og Ingvarsdjass og fönk líka skemmtileg.

Við þessi orð hringir síminn hjá Ingvari og hann þarf að fara undirbúa tónleika. Tómas fer líklega beint að forrita að viðtalinu loknu. Það er greinilega ekki auðvelt að vera ungur á uppleið. *– thelma@bb.is*

*Gestir Langa Manga geta nú vafrað að vild á tölvum sínum.*

## Tölvuþjónustan Snerpa ehf., á Ísafirði

# Setur upp „heitan reit“ í miðbænum

Tölvuþjónustan Snerpa á Ísafirði hefur til reynslu sett upp „heitan reit“ á veitingahúsinu Langa Manga á Ísafirði. Heitur reitur (hot spot á ensku) heitir það fyrirbæri þar sem fartölvueigendur geta komist í þráðlaust netsamband. Hefur þetta fyrirkomulag rutt sér mjög til rúms að undanförnu og gefst nú viðskiptavinum Langa Manga kostur á að vafra um veraldarvefinn endurgjaldslaust.

Eina sem til þarf er að opna fartölvuna og eiga viðskiptavinir þá að geta tengst án nokkurrar fyrirhafnar að því tilskyldu að þeir hafi þráðlausan búnað í tölvum sínum, sem er innbyggður í flestar nýjar fartölvur í dag. Í athugun er að fleiri heitir reitir bætist við á næstunni.

Þess má geta að í vetur var sett upp þráðlaust netsamband hjá SKG-veitingum á Hótel Ísafirði og var það gert í samstarfi við Símann.

## Ingi Þór Ágústsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ skrifar

# Með höfuðið hátt!

Um þarsíðustu helgi var framsækin ráðstefna á Ísafirði sem bar yfirheitið „Með höfuðið hátt“. Að þessari ráðstefnu stóð ungt fólk úr allri pólitískri flóru Ísafjarðarbæjar og stóð sig frábærlega vel í undirbúningi og framkvæmd hennar. Dagskrá ráðstefnunnar var virkilega vel samsett og fróðleg á allan máta. Ég sat alla ráðstefnuna og sökkti mér í allskonar hugmyndir um bætta byggð í mínu heimahéraði, henni til heilla í framtíðinni. Markmið þessarar ráðstefnu var að mínu viti einmitt það, að hvetja menn til dáða, hvetja menn til framkvæmda, hvetja menn til að standa upp og bera höfuðið hátt – við erum Vestfirðingar og erum stolt af því.

*Ingi Þór Ágústsson.*

Það sem mér fannst standa upp úr eftir helgina er hvað margt er hægt að taka sér fyrir hendur hér fyrir vestan – allt sem þarf er bjartsýnin á framtíðina. Það þarf að vera bjartsýni á að sú framtíðarsýn sem við, Vestfirðingar allir, berum í brjósti okkar komi til með að rætast. Þeir einstaklingar sem voru með framsögu á þessari ráðstefnu eru allir með framtíðarsýn, hver á sínu sviði, sem virkilega gaman væri að koma að og þróa áfram.

Margir tala um hvað við hefðum í dag ef kvótinn væri til staðar – jú eflaust hefðum við það betur – allavega væri undirstaða atvinnulífs okkar til staðar og sú þjónusta sem henni væri tengt myndi skapa tugi starfa og fjármagn til handa einstaklingum í samfélaginu. Við verðum samt að sætta okkur við þá staðreynd, í bili að minnsta kosti, að þessi kvóti er ekki til staðar. Hvað ætlum við þá að gera, halda áfram að blóta kvótanum eða gera eitthvað í málunum, eitthvað annað en sitja með hendur í skauti og bíða eftir að hlutirnir breytist. Ég sjálfur verð að viðurkenna að ég er frekar þreyttur á umræðunni „ef kvótinn væri til staðar þá...“ Ég skil vel þessa umræðu en er ekki kominn tími til að eyða hluta af orkunni sem fer í að bölsótast yfir kvótaleysi í að huga að fyrir framtíðina.

Það er ungt fólk að alast upp í dag sem skilur ekki þessa umræðu um kvótamálin – ólst ekki upp við það að vinna í fiski allar stundir í fríum frá skóla. Þetta unga fólk er hluti af Y kynslóðinni – kynslóðinni sem veit hvað heimurinn er lítill og vill skoða tækifæri langt út fyrir sveitarmörkin, langt út fyrir landhelgina, vill skoða heiminn í víðu samhengi. Þetta unga fólk þarf skilning og tækifæri til að þroska sína hugsjón, sín tækifæri og sína framtíðarsýn sem það ber í brjósti sér – aðstoðum þau við það!

Takk fyrir mig – ég er miklu fróðari um tækifæri til framtíðar í minni heimabyggð – ég er bjartsýnn!

Berum höfuðið hátt – við erum Vestfirðingar!

*– Ingi Þór Ágústsson.*

# Harmónikkuleikurinn er í blóðinu

**Jónatan Sveinbjörnsson í Bolungarvík er Vestfirðingum vel kunnur fyrir ljúfa harmónikkutóna sem hann leikur af hjartans lyst. Hann hefur alla sína tíð búið í Bolungarvík ásamt eiginkonu sinni, Margréti Halldórsdóttur, en þau hafa verið gift í hálfa öld. Harmónikkuleikur er Jónatani í blóð borinn en faðir hans, Sveinbjörn Rögnvaldsson, var einnig hæfileikaríkur harmónikkuleikari. Jónatan hefur leikið harmónikkutónlist frá barnsaldri og mun halda því áfram þar til heilsan bregst. Hann hefur nú gefið út geisladiskinn „Nú lifnar vor í dalnum“ sem inniheldur 31 lag, sem flest eru frá fyrri hluta síðustu aldar og rifja upp minningar þeirra tíma. Það er ekki á hverjum degi sem menn komnir hátt á áttræðisaldurinn stíga sín fyrstu spor í útgáfugeiranum og þess vegna fékk Bæjarins besta hann til að segja frá því hvernig það kom til.**

## Lærði sjálfur að spila

– Hvernig byrjaðir þú að spila?

„Ég byrjaði sem krakki, innan við tíu ára, að fikta við þetta en faðir minn spilaði mikið á díatóníska harmónikku. Ég hlustaði á hann og lærði svo að spila með sjálfum mér. Ég spilaði svo eiginlega ekkert í mörg ár en byrjaði aftur að leika á böllum í sveitinni. Þá kom annað tímabil er harmónikkutónlistin lá í dvala hjá mér. Loks byrjaði ég aftur og fór að rifja upp gömlu lögin. Er harmónikkufélagið var stofnað 1986 var ég einn af stofnendum þess. Þá átti ég ágæta venjulega hnappaharmónikku og fór að spila með þeim í félaginu. En áhuginn fyrir bernskutónlistinni var alltaf til staðar og árið 2002 fékk ég mér nýja ítalska díatóníska harmónikku og legg nú meiri áherslu á það hljóðfæri.

## Á áttræðisaldri í útgáfugeirann

– Nú telst það óvenjulegt að menn á áttræðisaldri fari út í útgáfu á tónlist, hvernig kom það til?

„Hrólfur Vagnsson var oft að tala um að ég spilaði þessi lög inn á disk, áður en þau féllu í gleymsku, það eru m.a. lög sem faðir minn lærði af Norðmönnum er unnu á hvalstöð í Seyðisfirði við Ísafjarðardjúp á seinustu öld. Mörg af lögunum er frá þeim tíma. Þegar Hrólfur kom heim frá Þýskalandi um hátíðirnar, kom hann til mín og við tókum öll lögin upp heima hjá mér á milli jóla og nýárs. Það var tekið upp inn á tölvu og svo fór Hrólfur með það út, en hann rekur hljóðver út í Hamborg. Hann lagaði þetta til og kom aftur til landsins með fullbúinn disk. Þá hafði hann bætt inn trommum og það kemur betri hljómur við harmónikkuleikinn minn. Mér datt aldrei í hug að ég myndi gefa út geisladisk og hvað þá á áttræðisaldri.

– Hvernig gengur salan á disknum?

„ Hann er svo nýkominn út að ekki er alveg komið á hreint á hvernig sölu hans verði háttað. Byrjað var á því að selja diskinn á útimarkaði í Bolungarvík 10. júlí og það gekk mjög vel. Ég frétti alla vega af því að Ásgeir Sigurðsson festi kaup á diski þar. Hann er vitaskuld formaður Harmónikkufélags Vestfjarða. Það voru útbúnir 500 geisladiskar. Það er 31 lag á disknum og tekur 58 mínútur að spila hann. Titillagið heitir Nú lifnar vor í dalnum. Þrjú lög af disknum hef ég samið sjálfur. Það eru lögin: Ég man það vinur, Sveitin mín og Vorleysing. Hægt er að nálgast diskinn hjá mér og konu minni og líka hjá Pálínu Vagnsdóttur. Annars held ég að það sé alveg víst að þetta verði eini geisladiskurinn sem ég mun gefa út.“

– Nú spilaði faðir þinn á harmónikku mundir þú segja að þetta væri í blóðinu hjá þér?

„Harmónikkuleikurinn er mikið í fjölskyldunni en auk föður míns spiluðu bræður mínir tveir líka, en þeir eru nú látnir fyrir löngu. Ég og Haukur Daníelsson spiluðum oft saman með Harmónikkufélagi Vestfjarða en við erum bræðrasynir. Faðir hans var Daníel Rögnvaldsson skipasmiður á Ísafirði og var líka harmónikkuleikari. Það má því segja að þetta sé í blóðinu hjá okkur og svo hafa afkomendur einnig tekið við. Faðir minn hét Sveinbjörn Rögnvaldsson og spilaði mikið á harmónikku, alveg frá því að hann var ungur og þar til hann varð áttræður. Ég mun spila á meðan ég hef heilsu til, það er svo gaman að leika sér að því.

Díatónísk harmónikka er öðruvísi uppbyggð en venjuleg harmónikka. Hún er með tveimur tónum í hverri nótu og og er því ekki sama hvernig belgurinn er notaður, því tónarnir breytast eftir því hvort belgurinn sé dreginn saman eða sundur. Það tekur tíma að venjast því. Það þarf að draga þetta rétt, því hver nóta er með tveimur tónum og breytist eftir því hvort maður dragi inn eða út. Það virkar á svipaðan hátt og munnharpa. Á þessarri harmónikku eru fimm hljómskiptingar og því er hún fullkomnari en sú fyrri sem ég átti. Annars er það eins og með öll hljóðfæri það þarf að venjast þeim í upphafi.“

## Áhugi fyrir harmónikkuleik alltaf að aukast

– Finnst þér áhugi fyrir harmónikkuleik hafa aukist á síðustu árum?

„Mér finnst áhugi á harmónikkuleik alltaf vera að aukast. Hann hefur farið vaxandi með félögunum sem sprottið hafa upp víðs vegar um land. Að vísu er minna um að spilað sé á böllum og þess háttar, eins var fyrr á tíðum, en ef Harmónikkufélag Vestfjarða er að spila einhvers staðar þá reyni ég alltaf að komast með. Það er nú orðin rúmlega 18 ár síðan félagið var stofnað og það er enn jafn gaman að spila með því, “segir Jónatan sem mun halda áfram að gleðja Vestfirðinga og sjálfan sig með glaðlegum tónum litlu, ítölsku harmónikkunnar sinnar.

*– thelma@bb.is*


**Fasteignasala**
**Tryggvi Guðmundsson hdl.**

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

*Einbýlishús*

**Góuholt 7:** 167 m² fallegt einbýlishús úr timbri ásamt 43 m² bílskúr og grónum garði. **Verð 15,0 m.kr.**

**Brautarholt 4:** Steinsteypt 140 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 34 m² frágengnum bílskúr. **Verð 14,9 m.kr.**

**Urðarvegur 24:** 240 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innb. bílskúr. **Verð 11,6 m.kr.**

**Seljaland 9:** 139 m² glæsilegt og vandað einbýlishús ásamt 42 m² bílskúr og 15,8 m² sólstofu. **Verð 16,7 m.kr.**

*4-6 herbergja íbúðir:*

**Urðarvegur 45:** 131 m² fjögurra herb. íbúð á neðri hæð í tvíb.húsi. Skipti á svipað stórri eign koma til gr. **Verð 8,4 m.kr.**

**Sundstræti 34:** 140 m² nýleg fjögurra herbergja íbúð í nýuppgerðu fjölbýlishúsi. **Verð 11,2 m.kr.**

**Mjallargata 1:** 122,2 m² 4ra herbergja íbúð á 3ju og 4. hæð í fjölbýlisihúsi. Sér inngangur af svölum. **Verð 9,5 m.kr.**

**Stórholt 7:** 116 m² 4ra herbergja íbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Verð 8 m.kr.**

**Smiðjugata 7:** 96,1 m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð 6,4 m.kr.**

**Túngata 12:** 99 m² íbúð á miðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr og garði. **Verð 7,9 m.kr.**

*3ja herbergja íbúðir:*

**Túngata 3:** Nýlega uppgerð 80 m² íbúð á tveimur hæðum í þríbýlishúsi. **Verð 4,9 m.kr.**

**Silfurgata 11:** 56,2 m² (75m² gólfflötur, mikið rými í risi) Áhv. ca. 3,4 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**

**Sólgata 8:** 68 m² íbúð á neðri hæð í þríbýlishúsi. Áhv. ca. 3,2 m.kr. **Verð 5,3 m.kr.**

**Aðalstræti 17:** 107 m² þriggja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. **Verð 7,5 m.kr.**

*2ja herbergja íbúðir:*

**Engjavegur 33:** 50,4 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð 4 m.kr.**

**Fjarðarstræti 6:** 77,3 m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Verð 4,6 m.kr.**

**Seljalandsvegur 58:** 52,1 m² íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi tvöfalds bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr. **Tilboð óskast**

*Atvinnuhúsnæði:*

**Arnagata 3:** 562 m² atvinnuhúsnæði við hafnarsvæði. Stórt og rúmgott smiðaverkstæði með skrifstofuaðstöðu. **Tilboð óskast**

**Sindragata 14:** 534 m² stálgrindarhús á einni hæð. Nýtt atvinnuhúsnæði, vel búið og í góðu standi. **Verð 25 m.kr.**

**Suðurtangi 2:** 210 m² trésm.verkstæði á einni hæð ásamt geymslulofti. **Verð 4,5 m.kr.**

*Bolungarvík:*

**Vitastígur 8:** 99,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum, allt nýuppgert. **Verð 8,5 m.kr.**

**Hjallastræti 38:** 113,9 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 59,2 m² bílskúr. **Verð 6,5 m.kr.**

**Stigahlíð 4:** 54 m² 2ja herbergja íbúð í kjallara í fjölbýlishúsi. Íbúðin er í góðu standi. **Tilboð óskast**

**Traðarstígur 7:** 108,1 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 36,2 m² bílskúr og 16 m² garðskála. **Tilboð óskast**

*Þingeyri:*

**Aðalstræti 23:** 150 m² einbýlishús á tveimur hæðum með sólstofu. **Verð 4,5 m.kr.**

*Sumarbústaðir:*

**Sumarbústaður til flutnings:** 46,4m² sumarhús sem hægt er að flytja, staðsettur í Mjóafirði, 3 herbergi, stofa, eldhús og svefnloft. **Tilboð óskast.**

**Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is**

## Siglingadögum 2004 lauk um síðustu helgi

# Fleiri áhorfendur, fleiri keppendur og þéttari dagskrá

Talið er að um það bil helmingsaukning hafi orðið á fjölda þátttakenda og áhorfenda á nýafstöðnum Siglingadögum á Ísafirði. Að sögn Úlfars Ágústssonar, framkvæmdastjóra hátíðarinnar, var allt stærra í sniðum í ár en í fyrra.

„Það voru fleiri keppendur, fleiri áhorfendur og þéttari dagskrá. Það var augljóslega miklu fleira aðkomufólk í bænum en í fyrra og til þess er leikurinn gerður, að fá fólk í bæinn auk þess að sjálfsögðu að skemmta heimamönnum“, segir Úlfar.

„Ég er mjög ánægður með hvernig til tókst, þó svo að ýmislegt hafi að vísu ekki gengið eftir. Til dæmis féllu niður nær allir þeir atburðir þar sem hraðbátar komu við sögu, en allt annað gekk mjög vel. Um það bil helmingi fleiri keppendur tóku þátt í kajakkeppni og fimmtarþraut og aðsóknin að heimasíðu hátíðarinnar var þrisvar sinnum meiri en í fyrra. Þá tókst ráðstefna um samskipti Ísafjarðar og Grænlands mjög vel og það lítur út fyrir að hún eigi eftir að hafa áhrif í framtíðinni.“

Eins og sagt hefur verið frá var margt að gerast í miðbæ Ísafjarðar að kvöldi laugardags. „Við renndum nokkuð blint í sjóinn með laugardagskvöldið, en ég byggði á þeirri vissu að í bænum væri mikið menningarlíf. Kvöldið varð líka mjög skemmtilegt, til dæmis var fjögurra klukkustunda löng dagskrá í Hömrum þar sem unga fólkið lék tónlist og las ljóð. Þetta sýnir bara hversu öflugt menningarlíf er á Ísafirði.“



„Á heildina litið er ég mjög ánægður með það hvernig til tókst. Það er full ástæða til að halda áfram með þessa hátíð og ég tel að hún sé mjög mikilvæg fyrir ferðaþjónustu og mannlíf á Ísafirði“, segir Úlfar Ágústsson. „Ég vil nota tækifærið og þakka Dorritt Moussaieff forsetafrú fyrir að hafa verið verndari hátíðarinnar og séð um opnunaratriði hennar með sjóskíðasýningu sem verður í minnum höfð.“

*– halfdan@bb.is*

## Verslunarmannahelgin

# Aukið umferðareftirlit á Vestfjörðum

Lögregluembættin á Ísafirði, Patreksfirði, Hólmavík, Bolungarvík og Búðardal munu vinna saman að auknu umferðareftirliti yfir verslunarmannhelgina eins og tíðkast hefur í rúman áratug.

„Straumurinn mun liggja úr bænum og því beinum viðaugum okkar að umferðarþunganum og þá sér í lagi um Djúpið“, segir Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Ísafirði. Þá verður unnið eftir sameiginlegu skipulagi og verða átta lögreglubifreiðar á ferðinni.

„Við viljum slysalausa verslunarmannahelgi og ætlum ökumönnum að virða hraðamörk, sýna hverjum öðrum tillitssemi og vanda akstur sinn á þann veg að allir komi heilir og sælir heim að loknini skemmtilegri helgi“ sagði Önundur.

*– thelma@bb.is*

## Bæjarráð Ísafjarðarbæjar

# Úrvinnslugjald lagt á heyrúlluplast

Á síðasta fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar var lagt fram bréf frá Úrvinnslusjóði sem varðar söfnun og endurnýtingu á heyrúlluplasti, en lagt var úrvinnslugjald á heyrúlluplast frá og með 1. janúar í ár. Bréfinu fylgdi kynning um söfnun og endurnýtingu heyrúlluplast. Þar koma fram hugmyndir um að Úrvinnslusjóður greiði ákveðna upphæð fyrir hvert kíló af plasti sem er safnað um leið og staðfesting á móttöku plastsins til endurnýtingar liggur fyrir. Bæjarráð vísaði erindinu til umfjöllunar landbúnaðarnefndar og umhverfisnefndar.

„Úrvinnslusjóður, í samvinnu við Bændasamtök Íslands, vinnur að því að skipuleggja söfnun og endurnýtingu heyrúlluplasts. Um 1.600 tonn af slíku plasti eru flutt til landsins ár hvert.

## Smáauglýsingar

Hlíðarvegspúkar og aðrir bæjarpúkar! Laugardaginn 7. ágúst kl. 17:00 verður hið vinsæla Hlíðarvegspúkapartý sett. Hittumst hress og kát að vanda.

Til sölu er Nissan Sunny árg. 94. Selst ódýrt. Upplýsingar í síma 456 4814.

Ungt par með barn á leiðinni óskar eftir íbúð til leigu. Uppl. gefur Harpa í síma 868 6282.

Til sölu er fallegur tekk sjónvarpsskápur úr Tekkhúsinu í Reykjavík ásamt tekk borðstofuborði og sex leðurstólum. Um er að ræða nýleg og vel með farin húsgögn úr ljósri tekk. Uppl. í síma 891 8354 eða 861 6789.

Til sölu er lítil tölva, hljómflutningstæki, myndbandstæki, rafmagnsofn á hjólum, smergel og lítil antík sv.hv. sjónvarp. Selst ódýrt. Uppl. í síma 891 7715.

Starfsmaður óskast til að sinna barnastarfi í Ísafjarðarkirkju á komandi hausti. Um er að ræða eina kst. á viku. Áhugasamir hafi samband við sóknarprest sr. Magnús Erlingsson í síma 456 3171 eða formann sóknarnefndar, Helgu Friðriksdóttur í síma 456 4017.

Til sölu er rúmgóður, 2ja ára tjaldvagn með stóru fortjaldi. Svefnpláss fyrir fjóra fullorðna. Uppl. í símum 456 4338 eða 456 4174.

Til sölu er Nissan Sunny árg. 92, ekinn 142 þús. km. Sjálfskiptur. Tilboð óskast. Upplýsingar í síma 868 8067.

Til leigu er 5-6 herb. einbýlishús í Bolungarvík. Leiguverð er kr. 40 þús. á mánuði. Uppl. í síma 456 7474 eða 861 7474.

Til sölu er einbýlishús með tveimur íbúðum við Hlíðarveg 5 á Suðureyri. Frábært útsýni. Uppl. í síma 456 3655 og 867 7741.

Til sölu er fjögurra ára gamall ísskápur. Fæst á kr. 15 þúsund. Uppl. í síma 898 7292.

Til leigu er 2ja herb. íbúð við Túngötu á Ísafirði. Upplýsingar í símum 456 3160, 863 3801 og 899 3377.

Óska eftir fellihýsi eða tjaldvagni til leigu á Ísafirði yfir verslunarmannahelgina. Upplýsingar í síma 860 3108.

Til sölu er sjónvarp. Selst mjög ódýrt. Uppl. í síma 456 3875.

Þarft þú ekki að losna við gamla sófann þinn? Óskað er eftir sófa, gefins eða fyrir lítinn pening. Hafið samband í síma 848 4256 (Albertína).

Til leigu er 3ja herb. íbúð að Stórholti 7. Uppl. í símum 869 9001 og 864 0310.

BB Smáauglýsingar
síminn er 456 4560


### Staðir kortlagðir þar sem lausaganga búfjár getur valdið mestri hættu

# Lögregla vill draga úr hættu vegna lausagöngu búfjár

Lögreglan mun í sumar kortleggja þá staði sem lausaganga búfjár getur valdið vegfarendum mestri hætta, að sögn Hlyns Snorrasonar hjá lögreglunni á Ísafirði. Embætti yfirdýralæknis og landnýtingarráðunautur Bændasamtaka Íslands hafa m.a. sent embætti ríkislögreglustjóra tilkynningu um hvernig megi sporna gegn því að sauðfé, hross og nautgripir komist inn á vegsvæði eins og dæmi eru um. Lögreglan, Vegagerðin og sveitarfélögin eru hvött til að aðgerða vegna þessa.

„Sumarið er mesti hættutíminn og á haustin þegar farið er að dimma en þá hafa orðið alvarleg bílslys vegna stórgripa sem hafa komist á veg“, segir Hlynur. Eftir að kortlagningu hættusvæða er lokið verða aðvaranir sendar út til eigenda búfjár og vegfarenda í gegnum fjölmiðla. „Við vonum að með þessum hætti náist árangur við að draga úr hættu vegna lausafjár“, segir Hlynur.

„Nú fer í hönd mikil umferðarhelgi eins og flestar helgar sumarsins. Er full ástæða til að hvetja ökumenn að sýna varúð þegar ekið er um vegi landsins og hafa í huga þá stórfelldu slysahætta sem getur stafað af lausagöngu búfjár. Embætti ríkislögreglustjóra hefur sent öllum lögreglustjórum ábendingar í þessu sambandi og hvatt þá til að hlutast til um úrbætur í umdæmum þar sem þeirra er þörf“, segir í tilkynningu.

### Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar um jörðina Tungu í Fljótavík

# Mælir með byggingu sumarhúss

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar mælir með því að veitt verði leyfi til byggingar sumarhúss í Tungu í Fljótavík og vísaði málinu með því fororði til bæjarráðs, að sögn Stefáns Brynjólfssonar, byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar. Engin hús eru í Tungu og aðeins einn eigandi að jörðinni, að sögn Stefáns, en nokkur sumarhús eru hinum megin í víkinni. Áætlað er að húsið verði um 70 fermetrar með svefnlofti og er stefnt að því að bygging hefjist um leið og leyfið verður veitt, að sögn Stefáns.

Á fundi umhverfisnefndar fyrir skemmstu var lagt fram bréf þar sem fram kom að Umhverfisstofnun og Hornstrandanefnd telja að bygging sumarhúss og geymslu í Tungu í Fljótavík myndi „ekki rýra náttúruverndargildi Fljótavíkur né Hornstranda í heild“, eins og segir í fundarbókun. Umhverfisstofnun veitti því leyfi fyrir sitt leiti.

*– thelma@bb.is*

*Frá Fljótavík.*

## Hnífsdalur

*Óskum eftir einstaklingi til að sjá um sölu á Bæjarins besta í Hnífsdal.*

*Upplýsingar gefur Sigurjón í síma 456 4560.*


## STAKKUR SKRIFAR

# Gangið hægt um gleðinnar dyr

***Stakkur*** hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Verslunarmannahelgin er að bresta á. Þegar þessi orð birtast verða sumir lagðir af stað á móts við skemmtanir helgarinnar. Freistingarnar eru alls staðar og mjög vel auglýstar. Þeim er einkum ætlað að höfða til unga fólksins, sem vill lyfta sér upp, og ætlunin er um leið að ná hluta af sumarhýrunni þeirra til skemmtanahaldaranna, sem ekki láta stjórnast af góðseminni einni saman. En sjálfsagt er það beggja hagur að stefna fólki saman á einn stað til sameiginlegrar ánægju fremur en fólk sé að dreifa sér út um hvippinn og hvappinn. En þessu samfara er mikil umferð um þjóðvegi landsins og þá veitir ekki af fyllstu aðgát og varúð í akstri. Augnabliks skortur á aðgæslu kann að hafa skelfilegar afleiðingar í för með sér fyrir mjög marga, ef bíll veltur, lendir í árekstri við annan bíl eða ekið er á gangandi vegfaranda. Gaman getur verið að fara eitthvert til að skemmta sér, en gott getur verið að halda sig heima og njóta friðarins á Vestfjörðum.

Þér kann að finnast lesandi góður að tónninn sé neikvæður, en við fáum of oft fréttir af dauðaslysum og alvarlegum meiðslum úr umferðinni. Margt má vissulega laga varðandi mannvirki, en ábyrgðin hvílir fyrst og fremst á ökumanninum. Það er ekki unandi við að tveir menn láti lífið að meðaltali í hverjum mánuði hérlendis. Eitthvað er þá að og skoða þarf mjög kerfisbundið öll slys, eins og reyndar er að gerast með hjá Rannsóknarnefnd umferðarslysa. Væntanlega munu niðurstöður þeirra varpa skýrara ljósi á hætturnar í umferðinni og þar á meðal hvað er hættulegast í fari ökumanna. En hvert og eitt okkar þarf að líta í eigin barm og muna það um helgina að óþolinmæði kemur okkur ekki vel á akstri og kemur jafnvel í veg fyrir að við komumst alla leið.

En það er annað sem einnig þarf að muna þegar ungmennin streyma út á þjóðvegina og hópast saman á útihátíðum. Um hverja verslunarmannahelgi berast ótíðindi af þessum hátíðum, af nauðgunum, jafnvel hópnauðgunum, slagsmálum, mikilli drykkju og annars konar óförum. Vissulega eru þeir sem náð hafa 18 ára aldri sjálfráðir og mega því fara á þessar hátíðir ef þeir svo kjósa, en allir ungir jafnt og aldnir ættu að hafa í huga að margt ófagurt getur gerst, sem snýr gleði í hryggð á augabragði og getur haft afleiðingar til langs tíma. Fari fólk saman í hóp ættu allir í hópnum að gæta hvers og eins, sérstaklega ef áfengi er með í för.

Útihátíðir hafa ekki verið algengar á Vestfjörðum um verslunarmannahelgi, en með auknum framförum í ferðaþjóðustunni hér vestra mætti skoða hvort ekki komi til greina að efna til hátíðahalda á Vestfjörðum. Ísafjarðarbær er kjörinn til þess að koma slíkri hátíð á. Þá er ekki verið að tala um að bæjarfélagið eigi að hafa forgöngu um það, heldur að reynslan af ungmennalandsmóti UMFÍ í fyrra sýni að slíkt sé vel gerlegt og gæti orðið til þess að auka enn straum ferðafólks hingað vestur. Leggja mætti áhreslu á mikilvægi svæðisins varðandi uppbyggingu sjávarútvegs á síðustu öld. Ungmenni á Vestfjörðum hafa þá líka val um að geta verið heima í sínum fjórðungi. Hvað sem verður um slík hátíðahöld er þess óskað að komandi helgi verði farsæl og allir komi heilir heim. Til þess að svo verði er gott að ganga hægt um gleðinnar dyr.

Verslunarmanna-
helgartilboð
370 kr/650g
Naggar
(sænskar kjötbollur)
1.189 kr/kg
Ekta Purrkryddaðar
lambalærissneiðar
1.046 kr/kg
Bautabúrið
Rauðvínslegnar
svínakambssneiðar
979 kr/kg
Ekta Purrkryddað
lambalæri
2 fyrir 1
Emmess skafís 1 ltr.
179 kr
Móna REX-bitar
200g
139 kr
Knorr bollasúpur
9 tegundir
299 kr
Vínarbrauð 400g
Vínarbrauð m/súkkul. 350g
129 kr
Sprite 2 ltr.
269 kr
Maarud snakk
Coke 4x2 ltr.
Vasarútvarp fylgir
fritt með
139 kr
Frón súkkulaðikex
fjórar tegundir
SAMKAUP
Lokað fríðag verslunarmanna
mánudaginn 2. ágúst
Hafnarstræti 9-13 Ísafirði - Sími 456 5460

# Aðsóknarmet slegið á Gleðidegi TM

Gleðidagur Tryggingamiðstöðvarinnar á Ísafirði sem haldinn var á laugardag var sá best sótti hjá TM hingað til, að sögn Viðars Arnar Sveinbjörnssonar, hjá TM-umboðinu á Ísafirði. „Þetta gekk vonum framar og varð virkilega góð stemmning“, segir Viðar. Börnunum var boðið upp á tvo hoppkastala til að bregða sér á leik í og fjórir trúðar sprelluðu. Þá tók hljómssveitin í Svörtum fötum nokkur lög við góðar undirtektir. Í boði voru léttar veitingar og öllum börnum var gefin blaðra. Útibú TM um allt land utan Reykjavíkur hafa fagnað sumri með hátíðarhöldum og er þessi árlegi viðburður kominn til að vera, að sögn Viðars, en fyrsti Gleðidagur TM var í fyrra. – *thelma@bb.is*

*Góð stemmning myndaðist fyrir framan Tryggingamiðstöðina á Ísafirði.*

*Þessi trúður var í stærri kantinum og naut sín vel.*

## Helgarveðrið

**Horfur á fimmtudag og föstudag:**
Sunnan 8-15 m/s og víða rigning eða súld um sunnan- og vestanvert landið, en hægari og þurrt að kalla norðantil. Hiti 8-18 stig, hlýjast norðantil.

**Horfur á laugardag:**
Suðlægar áttir og rigning með köflum, en þurrt og bjart veður norðaustanlands. Hiti breytist lítið.

**Horfur á sunnudag:**
Suðlægar áttir og rigning með köflum, en þurrt og bjart veður norðaustanlands. Hiti breytist lítið.

## Kirkjustarf

**Unaðsdalskirkja:**
Messa verður sunnudaginn 1. ágúst. Fermdur verður Kjartan Gunnar Hrafnkelsson.

**Suðureyrarkirkja:**
Í kvöld, miðvikudaginn 28. júlí verður söngskemmtun í Suðureyrarkirkju. Þar flytja Þorvaldur Halldórsson og Margrét Scheving létta kristilega tónlist.

## Spurningin

**Ætlar þú á útihátíð um verslunarmannahelgina?**

**Alls svöruðu 494.**
**Já sögðu 52 eða 10,5%**
**Nei sögðu 413 eða 84%**
**Ekki viss sögðu 29 eða 5,5%**

*Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.*

# Líflegt laugardagskvöld í miðbæ Ísafjarðar

Mikið líf var í miðbæ Ísafjarðar að kvöldi laugardags. Listamenn skemmtu bæjarbúum og gestum fram eftir kvöldi með hljóðfæraleik og listsýningum af ýmsum toga. Hljómsveitin Unaðsdalur spilaði víða utan- sem innandyra og meðlimir sveitanna Hrauns og Spastísks raunveruleika léku á Silfurtorgi. Á sama stað kom fjöllistahópurinn Circus Atlantis fram, en í Edinborgarhúsinu léku þrír þekktustu djassgeggjarar Vestfjarða, þeir Ólafur Kristjánsson, Vilberg Vilbergsson og Magnús Reynir Guðmundsson. Verslanir í miðbænum brugðu á það ráð að hafa opið fram eftir kvöldi. „Við höfðum opið frá átta til ellefu“, segir Gunnhildur Gestsdóttir, eigandi undirfata- og snyrtivöruverslunarinnar Silfurtorgs. „Þó að salan hafi ekki verið mikil var samt gaman að þessu og allt í lagi að prufa þetta.“
– *halfdan@bb.is*

*Meðlimir Circus Atlantis spúðu eldi á Silfurtorgi.*

*Þrír þekktir djassarar léku fyrir gesti í Edinborgarhúsinu.*

*Og hljómsveitin Unaðsdalur lék fyrir gesti Langa Manga.*

**> RÚV: 30. júlí kl. 23:35**

### Dauðadómur

**Clint Eastwood leikstýrir og leikur jafnframt aðalhlutverkið í myndinni Dauðadómi. Hann leikur blaðamanninn Steve Everett sem er bæði vínhneigður og veikur fyrir konum. Hann heldur við konu ritstjóra síns og sá vill endilega losna við hann sem fyrst. Hann fær grunsemdir um að fangi sem á að fara að taka af lífi sé saklaus og ritstjórinn gefur honum smá tíma til að sanna sakleysi hans.**

**> Sýn: 30. júlí kl. 01:00**

### Mike Tyson snýr aftur í hringinn

**Mike Tyson, fyrrverandi heimsmeistari í þungavigt stígur aftur í hringinn í kvöld eftir 17 mánaða hlé. Járnkarlinn barðist síðast við Clifford Etienne og afgreiddi hann á 49 sekúndum. Næsti andstæðingur hans er Danny Williams og er 31 árs Breti. Williams er heimsmeistari WBU-sambandsins í þungavigt og er hvergi banginn við Tyson.**

**> Stöð 2: 31. júlí kl. 22:00**

### Kæri sáli 2

**Kæri sáli 2 er gamanmynd um endurfundi bófaforingja og sálfræðings. Mafíuforinginn Paul Vitti hefur ekki átt sjö dagana sæla. Eftir erfiða dvöl í fangelsi leitar hann auðvitað á náðir vinar síns, hins virta sálfræðings Sobols sem getur ekki neitað bón mafíósans. Sjálfur gefur sálfræðingurinn átt í töluverðri krísu.**

*Hljómsveitin Í svörtum fötum tryllti liðið svo um munaði.*

*Jónsi hafði í nógu að snúast við að gefa eiginhandaráritanir.*

## Sýslumaðurinn í Bolungarvík

# Starf á skrifstofu

*Starfsmaður óskast í 50% starf eftir hádegi á skrifstofu embættisins.*

*Leitað er að nákvæmum og samviskusömum starfsmanni, sem getur hafið störf sem fyrst. Þjónustulund, reynsla af skrifstofustörfum og tölvukunnátta æskileg.*

*Skriflegum umsóknum óskast skilað til embættisins eigi síðar en 16. ágúst nk.*

*Laun skv. kjarasamningum ríkisins og opinberra starfsmanna.*

*Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu embættisins í síma 456 7222.*

*Bolungarvík, 22. júlí 2004.*
*Sýslumaðurinn í Bolungarvík,*
*Jónas Guðmundsson.*

HÚSASMIÐJAN

# Atvinna

*Húsasmiðjan hf. á Ísafirði óskar eftir starfsmanni. Iðnmenntun eða reynsla af byggingarvörum er æskileg. Leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur gaman af því að þjóna fólki.*

*Umsóknareyðublöð liggja frammi í verslun okkar á Ísafirði og á heimasíðu okkar www.husasmidjan.is.*

*Allar nánari upplýsingar veitir Haraldur í síma 660 3102.*

**> Sýn 2: 31. júlí kl. 16:50**

## Stórleikur United og AC Milan

**Roy Keane og félagar hans í Manchester United undirbúa sig nú af kappi fyrir komandi leiktíð í enska boltanum. Rauðu djöflarnir taka þátt í Champions World og mæta AC Milan í dag. Þetta er þriðji leikur United í keppninni en Roy Keane og félagar hans fá litla hvíld þessa dagana. Án efa stórleikur í vændum í Bandaríkjunum.**

# Sælkeri vikunnar

er Pálína Vagnsdóttir í Bolungarvík

## Matseðill Pálínu Vagns

Sælkeri vikunnar að þessu sinni býður upp á ljúffenga rétti sem vekja ekki hvað síst athygli fyrir sérstæð og skemmtileg nöfn. Þannig hefur Pálína nefnt fiskiréttinn „Elskarðu einhver nógu mikið?“ en að auki býður hún upp á lambakjötsréttinn „Rennur ljúflega niður“ og síðan kynnir hún til sögunnar franska eplaköku, beint frá París.

### Elskarðu einhvern nógu mikið?

800 g fiskur
2 dl hveiti
1 dl mjólk
1 tsk karrý
½ tsk timian
1 egg
2 msk kókosmjöl
salt
pipar

Hrærið saman hveiti, mjólk, karrý, timian, egg, kókosmjöli, salti og pipar. Veltið fiskinum, sem getur t.d. verið ýsa, þorskur eða lúða, upp úr hrærunni og setjið í eldfast mót. Stráið rifnum osti yfir og bakið í ofni í u.þ.b. 25-30 mínútur.

### Rennur ljúflega niður

½ kg lambakjöt í teningum
2 stk eggjarauður
5 msk matarolía
1 tsk karrý (má vera meira)
2 tsk kjötkraftur
1½ tsk sykur
1 tsk salt
2 msk sósulitur
1 msk Worchestersósa
1 msk kínasósa
1 msk kartöflumjöl

Blandið öllu hráefninu saman og látið kjötið liggja í leginum sólahring. Setjið í pott og eldið þar til kjötið er soðið.

### Frönsk eplakaka beint frá París

80-100 g smjörlíki
250 g hveiti
1 dl vatn
salt
5-6 epli
Karamella
150 g sykur
3 msk vatn
örlítið af sítrónusafa
30-40 g smjörlíki

Búið karamelluna til á djúpri pönnu og takið hluta frá og geymið þar til síðar. Afhýðið eplin, skerið í tvennt og raðið út í karamelluna á pönnunni. Fletjið deigið út og setjið yfir eplin. Smyrjið deigið með eggjarauðu sem hefur verið hrærð út í vatni. Bakið í 250°C ofni þar til kakan er orðin fallega brún og lækkið þá hitann niður 170°C. Gott er að stinga í kökuna með prjóni til að athuga hvort hún er fullbökuð.

Hvolfið kökunni á disk og hellið karamellu yfir. Gott er að bera ís eða þeyttan rjóma með.

*Þar sem Listasumarið er framundan er vel við hæfi að skora á sveitarstjóra Súðavíkurhrepps, Ómar Má Jónsson að koma með matgæðingsuppskriftir næstu viku.*

**Vegna verslunarmannahelgarinnar færist útgáfudagur næsta tölublaðs aftur um einn dag. Blaðið kemur út fimmtudaginn 5. ágúst.**

## Sportið í beinni

**Sýn:**

*Miðvikudagur 28. júlí:*
**Kl. 23:50** – Champions World: Manchester Utd. – Celtic

*Fimmtudagur 29. júlí:*
**Kl. 23:50** – Champions World: Chelsea – Roma

*Föstudagur 30. júlí*:
**Kl. 16:50** – Amsterdam T: Arsenal – River Plate.
**Kl. 19:00** – Amsterdam T: Ajax – Panathinakos

*Laugardagur 31. júlí:*
**Kl. 16:50** – Champions World: Man. United – AC Milan.
**Kl. 18:55** – Champions World: Porto – Liverpool.

*Sunnudagur 1. ágúst:*
**Kl. 16:20** – Amsterdam T: River Plate – Panathinakos
**Kl. 18:35** – Amsterdam T: Ajax – Arsenal.
**Kl. 20:35** – Champions World: Porto – Galatasaray

*Mánudagur 2. ágúst:*
**Kl. 23:50** – Champions World: Chelsea – AC Milan

## Arna Lára ráðin til AtVest

**Arna Lára Jónsdóttir hefur verið ráðin verkefnisstjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða. Arna er 28 ára gamall Ísfirðingur en hefur verið búsett í Danmörku upp á síðkastið. Hún er með BA próf í stjórnmálafræði og er við það að ljúka meistaraprófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Arna tekur við starfi Dagnýjar Sveinbjörnsdóttur sem hættir hjá Atvinnuþróunarfélaginu eftir sex ára starf. Þá hefur verið opnuð endurbætt heimasíða félagsins á slóðinni www.atvest.is. „Á síðunni er að finna ýmsar upplýsingar um félagið og starfsemi þess, auk safns ganglegra tengla um skyld efni. Síðan er ekki fullbúin og er enn verið að bæta inn efni“, segir í tilkynningu frá Atvinnuþróunarfélaginu.**

## Sveinbjörn sigraði

**Sveinbjörn Kristjánsson var ræðara röskastur í kappróðri á kajökum sem fram fór á Ísafirði á laugardag í tengslum við hátíðina Siglingadaga. Kom hann í mark eftir tíu kílómetra róður einni sekúndu á undan Halldóri Sveinbjörnssyni sem varð annar, en þriðji í mark var Örn Torfason. Þess má geta að yngsti keppandinn í 10 kílómetra flokknum, hinn fimmtán ára gamli Þröstur Þórisson, hafnaði í fjórða sæti. Hlutskörpust þeirra kvenna sem réru 10 km var Fanney Pálsdóttir, í öðru sæti var Elín Marta Eiríksdóttir og Helga Einarsdóttir í því þriðja.**

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk
www.bb.is – daglegar fréttir á netinu

PÓSTURINN
allur pakkinn

### Íþróttafélagið Höfrungur á Þingeyri fagnar aldarafmæli um þessar mundir

# Forsetinn ávarpaði Þingeyringa í hátíðarmessu

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, ávarpaði Þingeyringa og gesti þeirra á sunnudag í tilefni 100 ára afmælis íþróttafélagsins Höfrungs. Hátíðarhöldin tókust vel og ekki spillti blíðskaparveður fyrir, að sögn Sigmundar Þórðarsonar, formanns Höfrungs. Á sunnudag var farið í skrúðgöngu frá grunnskólanum að Þingeyrarkirkju þar sem hátíðarmessa fór fram en þaðan var haldið til hátíðarathafnar í íþróttahúsi staðarins. Forsetinn tók þátt í hátíðarhöldunum ásamt eiginkonu sinni Dorritt Moussaieff og var m.a. afar hrifinn af sögusýningunni þar sem saga félagsins er rakin. Að lokum var boðið upp á hátíðarkaffi á tjaldsvæðinu sem stóð til kl. 19.

*Ólafur Ragnar Grímsson, sr. Guðrún Edda Gunnarsdóttir og Dorrit Moussaieff ganga út úr Þingeyrarkirkju eftir hátíðarmessuna.*

Hátíðin stóð frá fimmtudegi til sunnudags og voru ýmsir viðburðir í boði en m.a. var farið í hjólaferð umhverfis Sandafell sem mæltist vel fyrir. Þá var sundlaugarmetið slegið þegar 135 manns voru í lauginni á sama tíma einnig var slegið nýtt met þegar 54 voru saman komnir í heita pottinum. „Það var líf og fjör alla helgina og allir viðburðir mjög glæsilegir“, segir Sigmundur.

Þess má geta að sögusýningin stendur enn og eins er enn hægt að kaupa flöskuskeyti en sjósetningu þeirra var frestað. „Það var svo mikið um að vera að við komumst ekki yfir allt og því höldum við bara áfram að skemmta okkur“, sagði Sigmundur.

*– thelma@bb.is*

*Lax tekinn á flugu í Laugardalsá.* *Ljósm: HH.*

### Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi

# Sextíu laxa holl

Mokveiði hefur verið í Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi að undanförnu. Holl ísfirska veiðimanna sem hætti veiðum á sunnudag fékk 60 laxa á þremur dögum og á undan þeim fengu finnskir veiðimenn 55 laxa á sex dögum. Heildarveiðin í ánni er því komin í 292 laxa.

Fyrir skemmstu var haft eftir Sigurjóni Samúelssyni, veiðiverði á bb.is að Laugardalsá væri orðin fengsælasta á landsins á hverja stöng og slægi þar með út Blöndu sem hafði efsta sætið áður. Eftir veiði undanfarna daga má telja víst að áin hafi fest þann titill enn betur í sessi.

Undanfarin ár hefur veiði í ánni hafist 12. júní og staðið til 1. september. Mest varð veiðin í laugardalsá árið 1978 en þá komu 704 laxar á land. *– thelma@bb.is*

### Samstarfsverkefni Olís, Alcan á Íslandi og skógræktarfélaganna

# Landbúnaðarráðherra „opnaði“ Tunguskóg

Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra, tók þátt í athöfn sem haldin var í Tungudal á laugardag í tilefni þess að Tunguskógur er orðinn hluti af verkefninu „Opin skógur“. Hann „opnaði“ Tunguskóg með formlegum hætti með því að klippa á birkisprota sem strengdir höfðu verið yfir nýju göngubrúnna á Buná. Um er að ræða samstarfsverkefni fyrirtækjanna Olís og Alcan og skógræktarfélaganna. Forstjórar Olís og Alcan drógu fána fyrirtækjanna við hún á nýjum flaggstöngum sem reistar hafa verið í skóginum en Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélags Íslands flaggaði fyrir hönd skógræktarfólks.

Fjölmenni tók þátt í athöfninni og fór í skoðunarferð um reiti Skógræktarfélags Ísafjarðar í Tungudal. Boðið var upp á flautuleik inni á milli trjánna og Morrinn, atvinnuleikhús ungs fólks í Ísafjarðarbæ, flutti gjörning. Að göngunni lokinni var áð í Simsongarði, sem er í umsjá Skógræktarfélags Ísafjarðar, þar sem boðið var upp á veitingar. Meðal þeirra sem kvöddu sér hljóðs voru landbúnaðarráðherra og Magnús Jóhannesson.

Að undanförnu hafa staðið yfir margvíslegar framkvæmdir en m.a. hafa verið reistar flaggstangir, upplýsingaskiltum komið fyrir, göngustígar lagfærðir og settar upp brýr, bekkir og borð auk þess sem útigrilli hefur verið komið fyrir.

Þá hefur verið gefinn út bæklingur um Tunguskóg þar sem m.a. er að finna loftmynd af svæðinu sem sýnir göguleiðir og áningarstaði en verkefnið miðar að því að auðvelda fólki aðgang að skógum félagsins og útivist í skógarumhverfi.

*– kristinn@bb.is*

*Guðni Ágústsson „opnaði“ Tunguskóg með formlegum hætti þegar hann klippti á birkisprota sem strengdir höfðu verið yfir nýju göngubrúnna á Buná. Auk hans eru á myndinni Magdalena Sigurðardóttir, Rannveig Rist, Magnús Jóhannesson og Einar Benediktsson.*

Ný númer
Húsasmiðjan Ísafirði hefur tekið í notkun ný númer.
Aðalnúmer 450 3300
Timbursala 450 3302
Fax verslun 450 3301
Fax timbursölu 450 3303
HÚSASMIÐJAN
Sími 450 3300 • www.husa.is